



# Ársskýrsla

2010

---

---

Stefna

---

# Landsbankinn þinn

---

Framtíðarsýn

---

## Landsbankinn er til fyrirmyndar

---

Einkunnarorð

---

## Hlustum, lærum og þjónum






---

---


Landsbankinn er stærsta fjármálafyrirtækið á Íslandi

Einstaklingar í viðskiptum við Landsbankann	<b>97.000</b>
Fyrirtæki í viðskiptum við Landsbankann	<b>7.300</b>
Útibú og afgreiðslur í árslok 2010	<b>34</b>
Útibú og afgreiðslur eftir sameiningu við Spkef (1. apríl 2011)	<b>45</b>
Stöðugildi í árslok 2010	<b>1.146</b>


## Lykiltölur

<b>Heildareignir</b>	Heildareignir jukust lítillega á árinu 2010 eða um 2% þrátt fyrir að stærsti eignaliðurinn, útlán til viðskiptavina, hafi lækkað.		<b>1.081.133 M. KR</b>
<b>Eiginfjárlutfall (CAD)</b>	Eiginfjárlutfall bankans er 19,5% og hefur hækkað um 31% á árinu 2010. Eiginfjárlutfallið er vel yfir 16% lágmarki FME.		<b>19,5%</b>
<b>Arðsemi eigin fjár</b>	Arðsemiskrafa eigenda bankans var 12% fyrir árið 2010 og arðsemi því vel umfram hana.		<b>17,3%</b>
<b>Kostnaðarhlutfall</b>	Kostnaðarhlutfall á árinu 2010 var vel undir áætlun sem skýrist af gengishagnaði gjaldyris. Framtíðarmarkmið bankans er að kostnaðarhlutfall sé ávallt lægra en 50%.		<b>36,4%</b>
<b>Hagnaður</b>	Afkoma af kjarnastarfsemi bankans er góð og rekstrargrundvöllur til framtíðar er traustur.		<b>27.231 M. KR.</b>

## Afkoma 2010



## Samanburður á afkomu 2009 og 2010



---

## Efnisyfirlit

---

1. 2010 í hnotskurn.....	2
2. Ávarp formanns Bankaráðs og bankastjóra.....	4
3. Þróun efnahagsmála.....	8
4. Landsbankinn þinn.....	14
5. Viðskiptabanki.....	22
6. Fyrirtækjabanki.....	26
7. Markaðir og fjárstýring.....	28
8. Eignastýring.....	30
9. Endurskipulagning eigna.....	34
10. Stoðsvið og stoðdeildir.....	38
11. Dótturfélög.....	46
12. Mannauður.....	49
13. Samfélagsleg ábyrgð.....	54
14. Stjórn og stjórnendur bankans.....	60
15. Stjórnarhættir.....	67
16. Sala eigna.....	72
17. Áhættustýring.....	74
18. Samantekt úr ársreikningi.....	83
19. Ársreikningur.....	97

---

# 2010 í hnotskurn



## Fyrsti ársfjórðungur

### Janúar

- Landsbankinn býður lántakendum fasteignalána í erlendri mynt og íslenskum krónum að færa þau niður í 110% af markaðsvirði eignar.
- Nýjar lausafjárreglur settar.

### Febrúar

- Fasteignagrunnur, reikningur fyrir þá sem vilja spara fyrir húsnæðis kaupum, kynntur.
- Vestia, dótturfélag Landsbankans, fer með allt hlutfé í Icelandic Group.
- Skilvísir viðskiptavinir fá endurgreiddan hluta vaxtagreiðslna íbúðalána 2009.
- Fráfarandi Bankaráð samþykkir tillögu um jafnan hlut kvenna í forystusveit bankans.
- Nýtt Bankaráð tekur til starfa. Formaður er kjörinn Gunnar Helgi Hálfðanarson.

### Mars

- Landsbankinn selur allt hlutfé bílaleigunnar Hertz á Íslandi að afloknu opnu sölufarli.
- Sameiginlegar reglur um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja samþykktar.
- Landsbankinn auglýsir stöðu bankastjóra lausa til umsóknar.



## Annar ársfjórðungur

### Apríl

- Reginn ehf., dótturfélag Landsbankans, auglýsir verslunarmiðstöðina Smáralind til sölu.

### Mái

- Landsbankinn auglýsir dreifingarfyrtækið Parlogis til sölu.
- Steinþór Pálsson ráðinn bankastjóri Landsbankans.
- Landsbankinn tilkynnir um 8,3 milljarða króna hagnað á fyrsta ársfjórðungi.
- Fyrirtækjum og einstaklingum með lán í erlendri mynt býðst 25% höfuðstólslækkun.

### Júní

- Ásmundur Stefánsson lætur af störfum. Steinþór Pálsson tekur við.
- Dómur fellur í máli SP-Fjármögnunar í Hæstarétti. Lánið sem um var fjallað er talið vera íslenskt lán og gengistrygging þess dæmd ólögæt.
- Fjárhagur, fjármálablogg Landsbankans, opnað.



## Þriðji ársfjórðungur

### Júlí

- Vinna við stefnumótun bankans hefst.
- Landsbankinn selur Parlogis ehf. að loknu opnu útboði.
- Landsbankinn býður greiðendum fasteignalána í erlendri mynt að greiða 5.000 krónur af hverri milljón til 1. nóvember.

### Ágúst

- Tilkynnt um kaup Framtakssjóðs Íslands á Vestia af Landsbankanum.
- Nýtt skipurit Landsbankans kynnt starfsmönnum.
- Störf allra framkvæmdastjóra auglýst laus til umsóknar.
- Landsbankinn lokar afgreiðslu á Stöðvarfirði og sameinar útibú á Hellissandi og Ólafsvík.

### September

- Límtré Vírnet auglýst til sölu.
- Hæstiréttur sker úr um hvernig reikna beri vexti erlendra lána sem teljast gengistryggð íslensk lán en ekki lán í erlendri mynt.
- Landsbankinn leggur fram nýjar lausnir fyrir fyrirtæki í skuldavanda.
- Söluferli verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar lýkur án árangurs.
- Landsbankinn tilkynnir um 9,4 milljarða hagnað á fyrri hluta ársins.
- Ráðgjafastofa einstaklinga stofnsett.
- Útlánastefna, útlánaferli og útlánareglur endurskoðaðar.



## Fjórði ársfjórðungur

### Október

- Ný stefna lögð fram á 1000 manna starfsmannafundi í Háskólabíói.
- Átta framkvæmdastjórar ráðnir, jafn margar konur og karlar. Fjórir koma nýir að bankanum.
- Nýtt skipurit tekur gildi.
- Samfélag í nýjan búning – nýtt verkefni um stuðning við samfélagið kynnt.

### Nóvember

- Reginn ehf. boðar skráningu fasteignafélags í Kauphöll.
- Landsbankinn selur Límtré Vírnet hópi fjárfesta sem heimamenn í Borgarbyggð hafa haft forystu um að ná saman.
- Landsbankinn tilkynnir um 3,5 milljarða króna hagnað á þriðja ársfjórðungi.
- Kaup Framtakssjóðs Íslands á Vestia frágengin, með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

### Desember

- Skrifað undir samkomulag um margvíslegar aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna. Ríkisstjórn, lífeyrissjóðir, Íbúðalánasjóður og fjármálafyrirtæki eiga aðild að samkomulaginu.
- Skrifað undir samkomulag um úrræði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í skuldavanda. Til verður Beina brautin, leið fyrir fyrirtæki með skuldir allt að 1.000 milljónir króna.
- Landsbankinn kaupir meirihluta í Rose Invest, rekstrarfélagi verðbréfasjóða.
- Sérfræðingur í málefnum samfélagslegrar ábyrgðar ráðinn til bankans.
- Endurútreikningur á gengistryggðum fasteignalánunum birtur í Einkabankanum.





# Ávarp formanns Bankaráðs og bankastjóra

---

## Stoðirnar treystar

---

Í lok árs 2008 dundi áfall yfir íslensku þjóðina sem markar upphaf dýpsta samdráttarskeiðs í íslensku efnahagslífi í áratugi. Hlutfall fjárfestinga er í sögulegu lágmarki, atvinnuleysi er hátt og áhrif samdráttarins á efnahag heimila og fyrirtækja eru á margan hátt mun djúpstæðari en á fyrri samdráttarskeiðum, m.a. vegna hárrar skuldsetningar. Hvar sem borið er niður eru stór verkefni framundan í íslensku efnahagslífi. Að auki bætist við óvissa er tengist yfirstandandi dómsmálum í fjármálakerfinu og skipan mikilvægra mála til framtíðar, t.d. fiskveiðistjórnunarkerfisins og orkuöflunar og -nýtingar.

Þrátt fyrir þetta allt eru þó vísbendingar um að það versta sé að baki og flestir eru sammála um að langtímahorfur í efnahagsmálum séu góðar. Margt bendir til þess að hagvöxtur sé tekinn að glæðast á ný. Þó verður að hafa í huga að skuldsetning margra viðskiptalanda Íslendinga er mikil og staða sumra þeirra alvarleg. Þetta hefur áhrif á vöxt og viðgang hér á landi. Ekki er einsýnt á þessari stundu hvernig unnið verður úr þeim málum.

### Ár uppbyggingar og umbóta

---

Landsbankinn hefur unnið markvisst allt árið 2010 að því að treysta stoðir sínar til að mæta þeim áskorunum sem við blasa í erfiðu umhverfi. Það starf hefur verið leitt af nýju Bankaráði sem tók við á árinu, svo og nýjum bankastjóra. Þá var skipulagi bankans breytt og mikil endurnýjun varð í framkvæmdastjórn, hvoru tveggja til að tryggja sem best framgang nýrrar stefnu og nýrrar hugsunar.

Fyrir Landsbankann hefur það verið ærið verkefni að takast á við afleiðingar

hrunsins og byggja upp innviði og traust að nýju, innanlands og utan. Þá hafa reglur og eftirlit með fjármálafyrirtækjum tekið töluverðum breytingum með það að markmiði að tryggja hagfella starfsemi til framtíðar.

Landsbankinn er stærsta fjármálafyrirtæki landsins með vel yfir 100.000 viðskiptavinum, eða um þriðjung markaðshlutdeild og sterka stöðu í öllum greinum atvinnulífsins. Ábyrgð bankans er því mikil og þær kröfur sem gerðar eru til hans eru einnig miklar. Eignarhald Landsbankans er skýrt og það er kostur. Ríkissjóður er eigandi að



Gunnar Helgi Hálfðanarson, formaður Bankaráðs

„Landsbankinn er stærsta fjármála-fyrirtæki landsins með vel yfir 100.000 viðskiptavinum eða um þriðjung markaðshlutdeild og sterka stöðu í öllum greinum atvinnulífsins. Ábyrgð bankans er því mikil og þær kröfur sem gerðar eru til hans eru einnig miklar.“

stærstum hluta og Bankasýsla ríkisins fer með þann hlut. Landsskil ehf. fer með hlut Landsbanka Íslands hf. Þetta er nokkuð ólíkt eignarhaldi annarra stórra fjármálafyrirtækja hérlendis sem eru að mestu í eigu erlendra kröfuhafa. Nálægð Landsbankans við ríkisvaldið er þó ekki vandalaus og getur haft truflandi áhrif ef þess er ekki nægjanlega vel gætt að bankinn starfar á samkeppnismarkaði. Tryggja þarf að sömu leikreglur eigi við um alla á markaði og er óviðunandi ef ríkisvaldið setur Landsbankanum þrengri skorður í lögum en öðrum bönkum.

Skýra þarf sem fyrst hvernig eigendastefnu ríkisins um að koma bankanum í dreift eignarhald fyrir 2015 verður framfylgt og jafnframt hvernig ríkisvaldið hyggst beita sér við hagræðingu á fjármálamarkaði á næstu árum.

### Ný stefna – Landsbankinn þinn

Landsbankinn markaði sér stöðu á síðasta ári með því að setja sér framsækna og metnaðarfulla stefnu sem kynnt var í október.

Stefna bankans, Landsbankinn þinn, hvílir á fjórum meginstöðum sem saman mynda órofa heild og ramma inn hlutverk bankans í samfélaginu. Sú fyrsta vísar til starfsmanna og samtakamáttar þeirra undir heitinu „öflug liðsheild“, önnur til betri rekstrar, traustari stýringar og betri eigna og nefnist „traustir innviðir“, sú þriðja snýr að viðskiptavinum og samskiptum við þá undir heitinu „ánægðir viðskiptavinir.“ Þar verður endurskipulagning skulda heimila og fyrirtækja enn um sinn eitt stærsta og mikilvægasta verkefni bankans og er mikið kapp lagt á að hraða þeirri vinnu sem mest þó margt í henni

hafi verið mótdrægt og úrvinnsla mála ekki gengið eins hratt og menn hefðu helst kosið. Fjórða stoðin snýr að samfélaginu þar sem lögð er áhersla á almennan ávinning af rekstri bankans undir yfirskriftinni „ávinningur samfélags og eigenda“. Landsbankinn er þjónustufyrirtæki og hann vill setja viðskiptavininn í öndvegi. Bankinn vill koma fram af hógvæð og einkunnarorð starfsmanna eru, *hlustum, lærum og þjónum*. Með þeim hætti telur bankinn að hann geti sinnt því mikilvæga hlutverki sínu að vera traustur samherji viðskiptavina í fjármálum og sannanlega Landsbankinn þinn.



Steinþór Pálsson, bankastjóri

„Landsbankinn hefur markvisst unnið að því að byggja upp og bæta áhættustýringu bankans og tryggja sjálfbæran rekstur til þess að geta betur tekist á við óvissu og hin ýmsu úrlausnarefni sem við blasa til framtíðar. Aukin hagkvæmni, sala fullnustueigna og sterk lausafjárstaða, í íslenskum krónum og erlendri mynt, eykur getu bankans til að taka þátt í brýnni endurskipulagningu á íslenskum fjármálamarkaði og getu hans til að bjóða samkeppnishæf kjör og þjónustu til hagsbóta fyrir viðskiptavini.“

## Sterkur banki

Hagnaður Landsbankans árið 2010 nam 27,2 milljörðum króna og arðsemi eigin fjár var 17,3%. Áhættuvegið eiginfjárlutfall Landsbankans í lok árs 2010 er 19,5% en var í ársbyrjun 15%. Þessar tölur sýna mikinn og vaxandi styrk bankans og góða arðsemi fyrir hluthafa. Landsbankinn hefur markvisst unnið að því að byggja upp og bæta áhættustýringu bankans og tryggja sjálfbæran rekstur til þess að geta betur tekist á við óvissu og hin ýmsu úrlausnarefni sem við blasa til framtíðar. Aukin hagkvæmni, sala fullnustueigna og sterk lausafjár-

staða í íslenskum krónum og erlendri mynt eykur getu bankans til að taka þátt í brýnni endurskipulagningu á íslenskum fjármálamarkaði og getu hans til að bjóða samkeppnishæf kjör og þjónustu til hagsbóta fyrir viðskiptavini.

Landsbankinn er öflugasti banki landsins, hann hefur sterka markaðshlutdeild í öllum atvinnugreinum og rekur víðfeðmt útibúanet sem nær til langflestra Íslendinga. Bankinn byggir hag sinn á stórum og ört stækkandi hópi viðskiptavina. Mannauðurinn er einn helsti styrkleiki bankans. Starfsfólk hefur verið undir miklu álagi í ljósi þeirrar stöðu sem

við hefur blasað og staðið sig sérstaklega vel. Það hefur tekið fullan þátt í að móta stefnu bankans til framtíðar og lagt sig fram við að læra af mistökum sem gerð voru fyrir hrun. Það er mikilvægt að hlúa vel að starfsfólkinu og tryggja að bankinn geti laðað til sín og haldið metnaðarfullu og öflugum starfsfólki, m.a. með því að greiða samkeppnishæf laun. Þann mikla mátt sem býr í bankanum vilja stjórnendur Landsbankans nýta til góðra verka. Við viljum nýta bankann sem hreyfiafl til að flýta fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs. Það er kominn tími til að horfa fram á veg og efla umfjöllun um tækifæri og styrkleika.

## Þakkir

Öllu starfsfólki bankans, bankaráðsmönnum, starfsfólki dótturfélaga og stjórnnum þeirra auk hluthafa, viðskiptavina og öðrum hagsmunaaðilum eru færðar bestu þakkir fyrir árangursríkt samstarf og jákvæð skref við að byggja upp Landsbankann í anda nýrrar stefnu 2010.

# Þróun efnahagsmála


**Starfsskilyrði og afkoma banka** markast ekki síst af því efnahagssumhverfi sem þeir búa við. Nú er ljóst að efnahagsáfallið sem dundi á íslensku þjóðinni undir lok árs 2008 markaði upphaf lengsta og dýpsta samdráttarskeiðs í hagkerfinu frá stofnun lýðveldisins.

Í byrjun árs 2008 stefndi efnahagslífið hraðbyri í átt að gjaldeyriskreppu eftir að gengi krónunnar hafði fallið um ríflega fjórðung á stuttum tíma. Í október 2008 hrundi svo íslenska fjármálakerfið til grunna, krónan veiktist um ríflega fjórðung til viðbótar og gjaldeyriskreppan ágerðist. Á sama tíma hófst samdráttur í heimsbúskapnum sem stóð fram á mitt ár 2009. Þessi þrjú áföll möggnuðu hvert annað upp og réðu því að óhjákvæmilegur samdráttur í kjölfar langs þenslutímabils sem hófst árið 2003 hefur orðið mun dýpri og lengri en ella.

## Efnahagsbati á fyrri samdráttarskeiðum


Heimild: Seðlabanki Íslands

Vísitala VLF síðasta ár fyrir samdrátt = 100



## Fjármunamyndun


Heimild: Hagstofa Íslands



Fjármunamyndun, margbreyting frá sama fjórðungi fyrra árs (v. ás) Fjármunamyndun á föstu verðlagi (h-ás)

## Landsframleiðsla

Heimild: Hagstofa Íslands



Áhrif efnahagssamdráttarins á efnahag heimila og fyrirtækja eru einnig á margan hátt mun djúpstæðari en á fyrri samdráttarskeiðum. Það stafar meðal annars af því að skuldsetning var almennt há og miklu fleiri en áður höfðu tekið lán í erlendri mynt og lán með verðtryggingu. Mikil veiking krónunnar og verðbólguþryggingu í kjölfarið olli því að höfuðstóll lána hækkaði verulega á sama tíma og eignaverð lækkaði. Eiginfjárstaða margra heimila og fyrirtækja breyttist því snögglega til hins verra án þess að fólk

fengi rönd við reist. Fjárfesting hefur minnkað jafnt og þétt síðastliðin fjögur ár eftir að hafa aukist fjögur árin þar á undan. Mestur var samdrátturinn árið 2009 þegar fjárfesting dróst saman um 50% milli ára en alls nemur samdrátturinn 68% að raunvirði frá árinu 2006. Hlutfall fjárfestingar í landsframleiðslu er um þessar mundir í sögulegu lágmarki. Einkaneyslan, sá liður landsframleiðslunnar sem þyngst vegur, hefur dregist verulega saman samfara minnkandi kaupmætti. Einkaneysla minnkaði um

22% á árunum 2008 og 2009 en stóð í stað á árinu 2010. Framlag utanríkisviðskipta til landsframleiðslunnar var jákvætt á árunum 2007 til 2009 og skýrist af aukinni framleiðslugetu í málmframleiðslu og samdrætti í innflutningi. Útflutningsdrifnum hagvexti eru skorður settar þar sem framleiðslugeta í málmframleiðslu er nú fullnýtt og afkastageta sjávarútvegsins takmarkast af stærð fiskistofna. Hagvöxtur á komandi árum er því háður því að fjárfesting aukist, ekki síst í útflutningsatvinnugreinum.

## Heimili landsins glíma enn við afleiðingar hrunsins


Heimilin í landinu hafa fundið verulega fyrir efnahagssamdrættinum. Alvarlegasta birtingarmyndin er aukið atvinnuleysi. Fækkun starfa er mun meiri en á fyrri samdráttarskeiðum og ein helsta skýringin er að atvinnuvegafjárfesting hefur náð sögulegu lágmarki. Atvinnuleysið er mest á höfuðborgarsvæðinu og í nágrennasveitarfélögum, þar sem áhrifa þenslunnar gætti hvað mest. Langtímaatvinnuleysi hefur að auki skotið rötum að því er best verður séð, í byrjun árs 2011 hafði meira en helmingur atvinnulausra verið án vinnu í 6 mánuði eða lengur.

Kaupmáttaraukning undan-gengins áratugar þurrkaðist út í kjölfar hrunsins og á sama tíma hækkuðu skattar og álögur á heimilin sem eðlilega hafði mjög neikvæð áhrif á ráðstöfunartekjur þeirra. Þessi áföll gerðu heimilunum enn erfiðara að standa undir aukinni greiðslubyrði hækkanði lána auk þess sem umtalsvert dró úr einkaneyslu. Tímabundnar aðgerðir stjórnvalda sem fólu í sér heimild til útgreiðslu séreignarlífeyris-sparnaðar komu þó að öllum líkindum í veg fyrir enn frekari samdrátt í einkaneyslu. Gera má ráð fyrir að bati á vinnumarkaði verði í samræmi við reynslu annarra landa í kjölfar fjármálakreppa. Lækkun atvinnuleysis hefst jafnan um ári eftir að landsframleiðslan byrjar að vaxa.

## Þróun atvinnuleysis

Heimild: Vinnuálastofnun

Hlutfall af mannafla



Atvinnuleysi Höfuðborgarsvæðið Landsbyggðin

Gangi sú þróun eftir hér á landi má búast við því að störfum fari aftur að fjölga á síðari helmingi ársins í takt við aukinn hagvöxt.

### Rekstrarumhverfi fyrirtækja mjög erfitt

Hátt vaxtastig í kjölfar efnahagssamdráttarins var um langt skeið afar letjandi fyrir nýfjárfestingu og eftirspurn eftir lánsfé til nýrra

verkefna hefur verið afar lítil undanfarin tvö ár. Með lækkanði verðbólgu hafa vextir Seðlabanka Íslands hinsvegar lækkað jöfnum skrefum undanfarið og eru nú í sögulegu lágmarki. Við það hafa aðstæður til fjárfestingar í uppbyggingu efnahagslífsins batnað til muna.


Eftir stendur að enn eru við lýði veruleg gjaldeyris-

höft. Þeim var komið á í lok árs 2008 og áttu að vera ákveðin neyðarráðstöfun til að stemma stigu við falli krónunnar. Æ sterkari vísbendingar eru um að höftin hafi neikvæð áhrif á fjárfestingu í landinu. Undir lok marsmánaðar birti Seðlabankinn endurskoðaða áætlun um afnám haftanna sem gerir ráð fyrir að fengin verði lagaheimild til fram- lengingar þeirra til allt að

fjögurra ára, umfram það sem gert var ráð fyrir upphaflega. Fyrstu skref þessarar áætlunar beinast að því að draga úr svokölluðum aflandskrónuvanda með því að beina krónueignum erlendra aðila í langtímafjárfestingar. Fyrst um sinn verður fjárfestingu beint í langtímaskuldabréf ríkissjóðs en því næst verður opnuð leið til fjárfestingar í raunhagkerfinu. Óskandi hefði verið að afnám haftanna gengi hraðar fyrir sig. Engu að síður er jákvætt að stjórnmöld leggi fram mótaða áætlun um lausn vandans og dragi þar með úr þeirri óvissu sem skapast hefur um áhrif afnáms haftanna á gengi krónunnar. Rekstrarumhverfi innlendra fyrirtækja í alþjóðlegum rekstri verður þó eftir sem áður erfitt meðan höftin eru við lýði.


## Vextir Seðlabanka og skammtíma vextir

Heimild: Seðlabanki Íslands





Framlag til 12 mánaða verðbólgu



Innfluttar vörur án áfengis, tóbaks og bensíns   Bensín   Húsnæði   Innlendar vörur án búv. og grænmetis   Almenn þjónusta   Aðrir liðir   Vísitala neysluverðs

### Böndum komið á verðbólguna

Verðbólgan hefur hjaðnað hraðar en spár gerðu ráð fyrir. Í byrjun árs 2010 var ársverðbólgan 7,5% en í lok árs var verðbólga komin í 2,5% og verðbólguþéttunni í höfn. Í upphafi árs 2011 hjaðnaði verðbólgan frekar og fór undir verðbólguþéttunni Seðlabankans. Það hefur ekki gerst frá vorinu 2004 og því um töluverð tímamót að ræða. Lágt verðbólguþéttunni er fyrst og fremst frekari birtingarmynd þess mikla slaka sem ríkir í hagkerfinu. Þrýstingur á verðlag er nú aðallega vegna hækkunar erlends hrávöruverðs og eldsneytis.

### Jafnvægi náð og hagvöxtur í sjónmáli

Þjóðarþúinu var skjót aðlögun óhjákvæmileg

í kjölfar falls bankanna. Langvarandi halli á vöruþéttunni við útlönd snerist hratt í myndarlegan afgang. Þrotabú gömlu bankanna eru undir stjórn skilaneftnda og slitastjórna sem leitast við að hámarka endurheimtur kröfuhafa. Útlit er fyrir að þegar upp er staðið verði hrein erlend skuldastaða þjóðarþúsins mun lægri en fyrir hrún. Afgangur er á undirliggjandi viðskiptajöfnunni og áætlað er að jafnvægi verði komið á fjármál ríkissjóðs innan tveggja ára. Fall gengis krónunnar stöðvaðist um mitt ár 2009 og gengið styrktist umtalsvert á liðnu ári.

Fyrsta mat Hagstofunnar á landsframleiðslunni árið 2010 bendir ekki til þess að hagvöxtur sé hafinn að ráði. Lítilsháttar vöxtur mældist á fjórða ársfjórðungi og er það í fyrsta skipti síðan um

mitt ár 2008. Seðlabankinn og Hagstofan spá því að hagvöxtur á árinu 2011 verði á bilinu 2% – 2,8% og aukist svo lítillega næstu tvö árin. Gert er ráð fyrir að vöxturinn byggist fyrst og fremst á vexti einkaneyslu en þegar á liður spátímabilið er reiknað með því að vægi fjárfestingar í hagvextinum vegi þyngra.

Ytra umhverfi þjóðarþúsins hefur þróast til betri vegar undir það síðasta eftir þá kröftugu alþjóðlegu niðursveiflu sem fylgdi síðustu fjármálakreppu. Hagvöxtur virðist hafa tekið við sér í helstu viðskiptalöndum Íslands en efnahagsbatinn er víða veikburða. Mörg viðskiptalanda Íslands glíma sjálf við skuldavanda, þurfa að sýna aðhald í þjóðarþúskap sínum og reyna að auka útflutning til þess að örva hagvöxt. Slíkar aðgerðir


stuðla oft að veikingu gjaldmiðils viðkomandi lands og þá lækkar kaupmáttur almennings sem valdið getur verðlækkun á íslenskum útflutningi.

### Óvissa varðandi framtíðarfyrirkomulag peningastefnunnar

Þann stöðugleika sem náðst hefur í fjármálum ríkisins, gengi krónunnar og verðbólgu að undanförunni má að stórum hluta rekja til efnahagsáætlunar stjórnvalda með stuðningi Alþjóða gjaldeyrissjóðsins (AGS) og þeirra gjaldeyrishafta sem komið var á eftir fall bankakerfisins. Að öllu óbreyttu mun formlegu samstarfi við AGS um endurreisn íslenska hagkerfisins ljúka á seinni hluta árs 2011. Eins er ljóst að núverandi fyrirkomulag hafta á fjármagnsflutningum til og frá landinu

31.des.1997 = 100

Ma. kr.



Heildarvelta (h. ás)    Úrvalsvísitala aðallista (v. ás)    Heildarvísitala aðallista (v. ás)    Úrvalsvísitala verðvísitala (OMX16) (v. ás)

var aðeins skammtímalausn því til lengri tíma litið eru þau á skjön við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, t.d. EES-samninginn. Ólíklegt má hinsvegar telja að horfið verði til óbreytts fyrirkomulags í stjórnun peningamála í lok þessa haftatímabilsins í ljósi reynslunnar.

Í desember 2010 birti Seðlabankinn skýrslu til efnahags- og viðskiptaráðaherra þar sem reifaðar eru hugmyndir um framtíðarfyrirkomulag peningastefnunnar eftir höft. Megin niðurstaða skýrslunnar er að núverandi fyrirkomulag peningastefnu með verðbólguþröskulmiði sé ekki fullnægjandi eitt og sér. Bent er á að horfa þurfi til fleiri þátta en verðlagsþró-

unar til skemmri tíma við framkvæmd stefnunnar. Sérstaklega sé nauðsynlegt að huga að undirliggjandi ójafnvægi sem birtist í miklum sveiflum í útlánavexti, skuldsetningu og eignaverði.

Seðlabankinn leggur áherslu á að eigi hann að geta brugðist við slíkum hættumerkjum sé æskilegt að bankinn ráði yfir fleiri stjórnþækjum en nú er. Þessum tækjum myndi hann beita sjálfur eða aðrir í samræmi við til-mæli bankans. Í skýrslunni er nánar fjallað um ýmis-konar útfærslur á slíkum tækjum, þar á meðal tækjum sem kalla mætti „þjóðhags-varúðartæki“ (e. macro-prudential tools) og miða að því að tryggja stöðugleika

alls fjármálakerfisins en ekki aðeins stakra eininga þess. Meðal þess sem sérstaklega er fjallað um eru reglur um breytileg hámarksveð- og eiginfjárhlutaföll og takmarkanir á lausafjár- og gengis-áhættu. Jafnframt bendir Seðlabankinn á að til við-bótar þessum reglum myndi bankinn oftast en áður grípa inn í á gjaldeyrismarkaði til að vinna gegn óhóflegu fjármagnsinnstreymi með tilheyrandi gengissveiflum. Aukinheldur kæmi til álita að breyta viðmiðun verðbólguþröskulmiðsins og miða við aðra verðvísitölu til samræmis við önnur Evrópuríki.

### Krefjandi rekstrar-umhverfi fyrir banka


Að ofangreindu er ljóst að rekstrar- og samkeppnisumhverfi viðskiptabanka hefur breyst mikið í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Útlánavöxtur og lánsfjáreftirspurn er í lágmarki vegna skuldsetningar heimila og fyrirtækja. Hrun hlutabréfa- og fyrirtækjaskuldabréfamarkaðarins, gjaldeyrishöft og mikil óvissa í efnahagslífinu hefur haft lamandi áhrif á fjárfestingu og lánsfjáreftirspurn. Fjármögnunarleiðir innlánastofnanna eru takmarkaðar og óvissa ríkir um framkvæmd ýmissa mikilvægra stjórnvaldsáðgerða, svo sem um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu



## Heildareignir stærstu viðskiptabankanna fyrir og eftir hrun

Heimild: Ársreikningar og Hagstofa Íslands

Í hlutfalli af VLF 2007 og 2010



og framtíðarfyrirkomulag peningamála. Gríðarlegt verðfall varð á íslenskum hlutabréfamarkaði í hruninu og aðdraganda þess. Þetta verðfall skýrist að mestu leyti af því að hlutfé íslensku bankanna varð verðlaust með falli þeirra, en hlutfé þeirra var um og yfir 90% af heildarmarkaðsvirði íslenska hlutabréfamarkaðarins.

Stærð bankakerfisins dróst verulega saman í hruninu. Í lok árs 2007 námu heildareignir innlánastofnanna samtals rúmlega ellefufaldri landsframleiðslu Íslands. Þetta hlutfall var augljóslega geysihátt enda höfðu stærri ákvarðanir hvers og eins þeirra mikil áhrif í efnahags-


lífinu, t.d. á gengi krónunnar. Segja má að eftir hrun sé stærð þeirra í betra samræmi við stærð hagkerfisins og þarfir þess. Efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjald-eyrissjóðsins hefur skilað árangri í formi stöðugleika en ekki hefur tekist að skapa nægilega hagstæðar aðstæður til að koma hjólum atvinnulífsins á hreyfingu.

Á því eru fjölmargar skýringar. Verulegar tafir hafa orðið á framkvæmd áætlunarinnar. Aðgengi ríkissjóðs að erlendu fjármagni hefur tafist vegna skilyrða Norðurlandanna um lausn Icesave-deilunnar. Frágangur á stofnefnahagsreikningum nýju bankanna tók mun lengri tíma en gert

var ráð fyrir. Talsverðar tafir urðu einnig á frágangi samræmdrar aðgerðaáætlunar til að takast á við skuldavanda heimilanna, m.a. vegna slæmrar stöðu Íbúðalánasjóðs. Dómur Hæstaréttar um ólögsmæti erlendra lána ýtti undir óvissu um stöðu bankakerfisins.

Seðlabankanum hefur hinsvegar tekist, í krafti efnahagsáætlunarinnar og fjármögnunar hennar, að draga verulega úr óvissu varðandi greiðsluhæfi ríkissjóðs á erlendum skuldbindingum sínum. Það endurspeglast m.a. í lækun skuldatryggingarálags en öfugt við þróunina í öðrum skuldbindingum Evrópuríkjum þá lækkaði skuldatryggingarálag ís-

lenska ríkisins verulega á árinu 2010. Eftir stendur að ríkissjóður verður að sýna fram á aðgengi að lánsfjármörkuðum. Velheppnað skuldabréfaútböð ríkissjóðs á erlendum fjármálamörkuðum er grundvöllur þess að eðlilegur markaðsaðgangur opnast fyrir íslensk fyrirtæki og fjármálastofnanir.



# Landsbankinn þinn

---

**Ný stefna Landsbankans** var samþykkt af Bankaráði í lok september. Þann 2. október var hún kynnt starfsfólki á fjölmennum fundi í Háskólabíói. Stefnan var unnin í nánun samstarfi við starfsfólk bankans. Fundir voru haldnir með öllum útibúum og deildum til að leita eftir samhljómi um framtíðarmarkmið Landsbankans. Einnig var hlustað grannt á raddir viðskiptavina og voru sérstakir fundir haldnir með breiðum hópi einstaklinga sem eru í viðskiptum við bankann.

---

Landsbankinn hefur sett sér metnaðarfull markmið og kröftuga framtíðarsýn. Landsbankinn ætlar sér að vera alhliða banki í forystu á fjármálamarkaði, banki sem er til fyrirmyndar og hliðstæður bestu bönkum á Norðurlöndum. Landsbankinn ætlar sér að vera eftirsóknarverður vinnustaður og traustur samherji í fjármálum sem viðskiptavinir sjá sér hag í að skipta við.

Einkunnarorðin *hlustum, lærum og þjónum* eiga að styðja við þessa nálgun.

Metnaðarfullur og samheldinn hópur starfsmanna er algert skilyrði fyrir því að þessi markmið náist. Styrkleiki Landsbankans felst í víðfeðmu útibúaneti, nálægð við viðskiptavinir og breiðu vöruúrvali. Staða bankans á íslenska fjármálamarkaðnum er einstök. Landsbankinn er með fleiri viðskiptavinir en nokkur annar banki hér á landi og markaðshlutdeild bankans er há í öllum atvinnugreinum.

Yfirskrift stefnunnar er Landsbankinn þinn og fram-

tíðarsýnin markast af orðunum Landsbankinn er til fyrirmyndar. Stefnan byggir á fjórum meginstoðum. Sú fyrsta er „öflug liðsheild“, þar sem lögð er áhersla á öflugan hóp starfsmanna sem kemur fram sem ein heild og vinnur ötullega að sama markmiði eftir skilgreindum leiðum. „Traustir innviðir“ vísa til þess markmiðs að ná fram hagfelldu hlutfalli á milli kostnaðar og tekna, að allir ferlar séu traustir og gæði eigna mikil. Þriðja yfirmarkmiðið er „ánægðir viðskiptavinir“ og undir það flokkast

m.a. úrvinnsla skuldamála fyrirtækja og heimila.

Síðast en ekki síst er fjórða yfirheitið, „ávinningur fyrir eigendur og samfélagið“, og undir það fellur traust, samfélagsleg ábyrgð, arðsemi og uppgjör við Landsbanka Íslands hf. Öll markmið eru sett þannig upp að hægt sé að mæla árangurinn með reglubundnum hætti.

# Innleiðing stefnunnar

**Markmið Landsbankans** byggja á stefnumótun bankans og eru ófrá-víkjanlegur hluti hennar. Bankinn hefur útbúið vegvísi sem er ætlað að tryggja stefnumiðaða stjórnun. Vegvísirinn inniheldur markmið til ársins 2013 og segir til um hvaða lykilverkefnum bankinn ætlar sér að vinna að til að styðja við meginstoðir stefnunnar, **öfluga liðs-heild, trausta innviði, ánægða viðskiptavini og ávinning samfélags og eigenda**. Áhersla verður lögð á aðhald og eftirfylgni með reglu-bundnum mælingum til að fylgjast með árangrinum.

## Öflug liðsheild

### Ánægja starfsmanna

Til að ná settum markmið-um er mikilvægt að starfs-menn hafi skýra sýn og vinni sem ein liðsheild. Frá árinu 2006 hefur Landsbankinn mælt ánægju starfsmanna í vinnustaðagreiningu með

samræmdum mælingum. Fram til ársins 2008 mæld-ist ánægja starfsmanna 4,4 á mælikvarðanum 1–5, en árið 2009 lækkaði starfsánægjan niður í 4,0.

Landsbankinn hefur sett sér það markmið að auka starfsánægju fram til ársins 2013 og vera þá kominn með 4,4 í mælingum

á starfsánægju starfs-manna. Bankinn ætlar sér að ná fyrri styrk með öflugri liðsheild, faglegum vinnubrögðum og góðum viðskiptaháttum. Reynslu-mikið og hæft starfsfólk er lykillinn að því að bankinn nái árangri. Til að laða að og halda öflugum starfsfólki þarf að umbuna og greiða samkeppnishæf laun og

er það stefna bankans að tryggja að svo sé án þess þó að vera leiðandi á því sviði. Samhliða auknum kröfum viðskiptavina og eftirlits-stofnana um þekkingu og kunnáttu starfsmanna fjár-málafyrirtækja verður lögð aukin áhersla á fjölbreytta fræðslu fyrir starfsmenn bankans og verður fræðslu-framboð endurskoðað.

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Ánægja starfsmanna	Vinnustaðagreining	4,1	4,2	4,3	4,4

## Traustir innviðir

### Hagkvæmni

Bankinn hefur sett sér markmið um að til lengri tíma verði kostnaðarhlutfall ávallt undir 50%. Kostnaðarhlutfall er skilgreint sem hlutfall rekstrargjalda af rekstrartekjum. Hlutfallið var vel undir markmiðum á árinu 2010 og reiknaðist 36,4%. Að hluta til skýrist lágt kostnaðarhlutfall á árinu 2010 af gengishagnaði.

Sé horft framhjá honum var kostnaðarhlutfallið 51,1% á árinu 2010 í samanburði við 53% á árinu 2009 og er bankinn þannig að nálgast langtímamarkmið sín.

Fjárhagsáætlun bankans til næstu þriggja ára gerir ráð fyrir að markmið um kostnaðarhlutfall bankans náist. Bankinn gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður verði stöðugur næstu 3 árin, en að teknu tilliti til verðlagsþækkana muni hann hækka lítillega að raungildi.

Landsbankinn, sem stærsti banki landsins, mun gegna lykilhlutverki við endurreisn fyrirtækja og einstaklinga á næstunni og hefur sett sér metnaðarfull markmið þar um. Þegar sér fyrir endann á endurreisnarstarfinu mun kostnaður lækka í tengslum við þau verkefni, en á móti munu áherslur færast yfir á verkefni sem styðja við aukinn hagvöxt í landinu.

Langtímamarkmið bankans um hagkvæmni og kostnaðarhlutfall byggja á því að

árangursríkt endurreisnarstarf ýti undir hagvöxt og auki tekjumyndun. Samsetning starfa og þar með samsetning kostnaðar mun breytast með aukinni áherslu á markaðssókn umfram úrvinnslu erfiðra lánamála. Aukin tekjumyndun á móti stöðugum rekstrarkostnaði mun styrkja kostnaðarhlutfall bankans til lengri tíma.

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Hagkvæmni	Kostnaðarhlutfall	36,4*	<50%	<50%	<50%

\* 51,1% án gengismunar

## Traustir innviðir

### Gæði eigna

Lykilmælikvarði bankans á gæði eigna er þróun vanskila eldri en 90 daga. Í kjölfar bankahrunsins í október 2008 jukust vanskil stórlega og nema þau 24% af bókfærðri stöðu útlána í

ársbyrjun 2011 í samanburði við 5% á fjórða ársfjórðungi 2008. Landsbankinn hefur sett sér markmið um að ná hlutfallinu niður fyrir 5% í lok árs 2013. Til þess að þau markmið náist hefur bankinn gripið til margþáttaðra aðgerða. Þar sem skipulagsbreytingar þar sem áhættustýring var eflað til muna og stofnað nýtt svið

um endurskipulagningu eigna.

Unnið er að margvíslegum verkefnum sem ætlað er að auka gæði eigna og tryggja árangursríka viðreisn fyrirtækja og heimila í landinu.

#### Sem dæmi má nefna:

- Efling áhættustýringar og eftirlits með útlánnum.

- Nýjar útlánareglur.
- Innleiðing á vöktunarkerfi um útlán sem eiga á hættu að lenda í vanskilum.
- Endurhönnun verkferla.
- Skilvirkar leiðir fyrir endurskipulagningu fyrirtækja og einstaklinga í skuldavanda.

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Gæði eigna	>90 daga vanskil	24%	<14%	<8%	<5%



## Ánægðir viðskiptavinir

### Viðskiptatengsl

Landsbankinn hefur lengi mælt ímynd með aðferð sem byggir á því að mæla tilfinningaleg tengsl viðskiptavina (e. emotional engagement) við bankann, þar sem tilfinningar ráða meiru um viðhorf

og hegðun viðskiptavina en rökhusun. Þessi aðferð er að þessu leyti ólík öðrum aðferðum sem áður hafa verið notaðar til þess að mæla upplifun viðskiptavina af þjónustu.

Greiningin á tengslum viðskiptavina við bankann (CE11) byggir á ellefu spurningum sem mæla ánægju og

tryggð viðskiptavina. Landsbankinn hefur einsett sér að styrkja tengsl við viðskiptavini á næstu árum. Í desember 2010 mældust viðskiptavatengsl bankans 3,1 af 5, en stefnt er að því að viðskiptatengslin verði komin í 4 á árinu 2013. Lögð verður áhersla á að tryggja viðskiptavinum, jafnt einstaklingum sem fyrir-

tækjum, hagfellda og persónulega þjónustu og styrkja tengsl viðskiptavini með markvissum aðgerðum með einkunnarorð bankans, *hlustum, lærum og þjónum* að leiðarljósi.

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Viðskiptatengsl	CE11 vísitala	3,1	>3,4	3,7	4,0

## Ánægðir viðskiptavinir

### Markaðshlutdeild

Frá árinu 2003 til ársins 2008 var Landsbankinn stærsti viðskiptabankinn á einstaklingsmarkaði. Staðan breyttist árið 2009 þegar Arion banki tók yfir meginstarfsemi SPRON, en á sama tíma tapaði Landsbankinn markaðshlutdeild. Þeirri þróun hefur nú verið

snúið við og í lok árs 2010 er bankinn með tæplega 29% markaðshlutdeild og mælist jafn stór Arion banka. Landsbankinn hefur einnig verið með mesta markaðshlutdeild allra banka á fyrirtækjamarkaði frá upphafi mælinga. Mest var hlutdeildin árið 2007, rúm 37%, en árið 2010 var markaðshlutdeildin 31,4%.

Landsbankinn ætlar sér að viðhalda markaðshlutdeild

sinni á árunum 2011–2013 og verður það m.a. gert með persónulegri þjónustu og vöruframboði sem mætir þörfum viðskiptavina. Lögð verður lykiláhersla á að vinna að skjótri úrlausn á greiðsluvanda einstaklinga og fyrirtækja, en um leið er mikilvægt að treysta viðskiptasambandið við þá sem eiga ekki við greiðsluferfðleika að stríða. Unnið er að því að bæta ferla til að auka faglega meðhöndlun kvart-

ana, hrósa og ábendinga frá viðskiptavinum og tryggja að endurgjöf til viðskiptavina sé í góðum farvegi. Hafin verður sókn til að afla nýrra viðskiptavina og lögð áhersla á að taka vel á móti nýjum viðskiptavinum til að stuðla að ánægju og tryggð strax í upphafi viðskiptasambands.

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Markaðshlutdeild	Hlutfall einstaklinga	28,3%	29%	>30%	>30%
Markaðshlutdeild	Hlutfall fyrirtækja	31,4%	33,5%	>34%	>34%

## Ánægðir viðskiptavinir

### Viðreisn

Mikil áhersla verður lögð á að tryggja farsælan framgang fjárhagslegrar endurskipulagningar einstaklinga og fyrirtækja í samræmi við samkomulag

stjórnvalda, stofnana og fjármálafyrirtækja. Markmiðið er að hraða úrvinnslu og afgreiðslu mála. Útibúin verða virkjuð í þeim tilgangi og samvinna eflð milli útibúa og eininga eða sviða sem að málum koma, m.a. Endurskipulagningar eigna og Ráðgjafastofu einstaklinga.

Endurskipulagning eigna er nýtt svið sem mun tímabundið annast úrlausn erfiðra lánamála fyrirtækja. Ráðgjafastofa einstaklinga er einnig ný eining sem styður útibúin og aðra starfsmenn í framlínu við það mikilvæga verkefni að endurskipuleggja fjármál heimila.

Landsbankinn hefur sett sér það markmið að á árinu 2011 verði búið að leysa úr yfir 75% mála og að á árinu 2012 ljúki viðreisn vegna skuldavanda einstaklinga og fyrirtækja.

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Viðreisn	Úr greiðsluferðleikum	Á ekki við	>75% leyst	Lokið	

## Ávinningur samfélags og eigenda

### Traust

Landsbankinn hefur mælt ímynd bankans og helstu samkeppnisaðila hans á

markaði um nokkurra ára skeið. Eitt af því sem er mælt er hversu mikið traust svarendur bera til síns aðalviðskiptabanka. Traust til stóru viðskiptabankanna hefur verið svipað frá því síðla árs 2008, en traust til Sparisjóðanna sýnu mest.

Landsbankinn hefur sett sér metnaðarfull markmið og stefnir að því að traust viðskiptavina fari úr því að vera 3,1 af 5 árið 2010 í 4 árið 2013. Forsenda þess að markmiðið náist er að vel takist til við að ná öðrum lykilmarkmiðum bankans.

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Traust	Ímyndarmæling	3,1	3,4	3,7	4,0

## Ávinningur samfélags og eigenda

### Arðsemi

Bankasýsla ríkisins sem fer með eignarhlut ríkisins í Landsbankanum hefur sett bankanum arðsemismarkmið upp á 5,25% ávöxtun umfram áhættulausa vexti. Arðsemiskrafan miðast við afkomu fyrir skatta og aðrar

sértækar álögur á fjármála-fyrirtæki. Áhættulausir vextir eru nú um 6% og er arðsemiskrafan því 11,25%. Forsendur ávöxtunarkröfu taka mið af því að eigin-fjárhlutfall bankans sé 16%. Afkoma og arðsemi bankans á árinu 2010 var góð og styrktist eiginfjárhlutfall bankans verulega á árinu, eða um 5 prósentustig, og reiknaðist það 19,5% í árslok 2010.

Áætlanir gera ráð fyrir að markmið um arðsemi eigin fjár náist fyrir árin 2011–2013. Möguleikar bankans um að auka arðsemi felast annað hvort í því að auka útlán, og þá um leið áhættu, eða að lækka eigið fé með arðgreiðslum eða beinni endurgreiðslu á eigin fé til hluthafa. Á meðan atvinnulífið tekur ekki við sér ávaxtar bankinn laust fé á lægri vöxtum en sem

nemur ávöxtunarkröfu eigin fjár. Forsendur fyrir því að bankinn auki arðsemi sína eru því þær að atvinnulífið taki við sér og fjárfesting í atvinnutækifærum aukist.

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Arðsemi fyrir skatta	Hagnaður f. skatta/eigið fé	20,7%*	5,25% + áhættulausir vextir	5,25% + áhættulausir vextir	5,25% + áhættulausir vextir

\*Fyrir skatta og án áhrifa af aflagðri starfsemi

## Ávinningur samfélags og eigenda

### Uppgjör vegna gamla bankans

Samkvæmt samningum við Landsbanka Íslands hf. er hluti af því lánasafni sem keypt var í október 2008 árangurstengt með þeim

hætti að virðisaukning skilar sér til gamla bankans í formi skilyrts skuldabréfs. Skuldabréfið getur að hámarki orðið 92 milljarðar króna. Hvernig bankanum tekst til í endurreisnarstarfi sínu er lykilforsenda þess að markmiðið náist að fullu. Það er hins vegar svo að bankinn hefur ekki alla þræði í hendi sér í þessum efnunum. Miklu máli


skiptir hvernig til tekst með að glæða efnahagslíf þjóðarinnar og þar koma margir að borðinu, m.a. stjórnvöld, stofnanir, önnur fjármála-fyrirtæki, lífeyrissjóðir og launþegasamtök.

Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um framgang efnahagsmála er erfitt að áætla hvernig til muni takast við að ná að auka

virði eigna bankans sem tengjast skilyrta skuldabréfinu og þá um leið hver fjárhæð þess bréfs verður. Markmiðið er að ná virðisaukanum að fullu fyrir árslok 2012. Bankinn mun þó endurskoða þessi markmið reglulega á samningstímanum.

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Uppgjör v. gamla bankans	Skilyrt skuldabréf	29%	67%	100%	Lokið






Nýju skipuriti bankans er ætlað að endurspegla stefnu hans og áherslur. Viðskipta- og afkomueiningar fá aukið vægi, þar sem lykiláhersla er lögð á þjónustu við viðskiptavinum, en við þær styðja öflugar miðlægar einingar. Viðskiptasviðin eru fimm talsins: Viðskiptabanki, Fyrirtækjebanki, Markaðir og fjárstýring, Eignastýring og Endurskipulagning eigna. Hin megin sviðin eru Áhættustýring, Fjármál og Þróun. Með þessum hætti vilja forsvarsmenn Landsbankans leggja áherslu á þann vilja sinn að Landsbankinn verði hreyfiafl sem vinnur náið með einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að uppbyggingu íslensks samfélags.

# Viðskiptabanki

**Viðskiptabanki Landsbankans** var settur á stofn með skipulagsbreytingum í október 2010. Með breytingunni var alhliða bankaþjónusta við einstaklinga og minni og meðalstór fyrirtæki sett undir einn hatt. Með þessu var leitast við að tryggja þeim mikilvæga hópi viðskiptavina sem er í tíðum viðskiptum við útibú bankans um land allt samræmda, framúrskarandi þjónustu og árangursríkt viðskiptasamband til framtíðar.

## Skipurit Viðskiptabanka



Lykilverkefni Viðskiptabanka á árinu 2010 var að koma starfsemi þessarar nýju viðskiptaeiningar á skrið, sem og að samþætta og samstillja þá starfsemi sem fram fer í útibúum Landsbankans. Viðskiptabankinn er stærsta svið Landsbankans og í árslok störfuðu þar 537 starfsmenn, þar af 414 í útibúum bankans um land allt.

Skipulag Viðskiptabanka byggir á þeirri hugsun að viðskiptaeiningarnar, útibú bankans, séu í forgrunni. Útibúin eru þær einingar bankans sem eru í mestri snertingu við viðskiptavinum og hlutverk þeirra er eftir því mikilvægt.

Aðrar starfseiningar Viðskiptabanka gegna því hlutverki að þjónusta og aðstoða útibú bankans. Bifreiða- og tækjafjármögnun Landsbankans til einstaklinga og fyrirtækja fer fram í dótturfélagi bankans, SP-Fjármögnun hf.

## Viðskiptavinirnir


Um 97 þúsund einstaklingar eru í viðskiptum við Landsbankann og um 6 þúsund lítil og meðalstór fyrirtæki. Útibú bankans annast þjónustu við þessa viðskiptavini. Á síðustu árum hefur bankinn styrkt aðrar dreifileiðir sínar, bæði Ráðgjafa- og þjónustuver og netbanka fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Árangur af starfsemi Viðskiptabanka byggir á því að viðskiptavinir hans séu ánægðir með þjónustu og vörur bankans og líti á Landsbankann sem traustan samherja í fjármálum. Markmið Viðskiptabanka er að bæta enn um betur í þessum efnunum. Sá meirihluti viðskiptavina banka og sparisjóða, sem ekki hefur þurft á skuldavandaúræðum að halda undanfarin ár, hefur verið afskiptur og mikilvægt er að hlustað sé á þarfir þessa hóps og

framúrskarandi þjónusta við hann tryggð.

Samkeppni á bankamarkaði er hörð þrátt fyrir að helstu verkefni allra banka og sparisjóða hafi undanfarið tengst skuldavandaúræðum, sem eiginleg samkeppni

veitendur alhliða bankaþjónustu og það hafa líka gert smærri fjármálafyrirtæki, með sérhæfðara vöruframboð. Ljóst er að breytinga er að vænta og munu þær verða knúnar áfram af kröfum um hagræðingu á markaði, sem og nýjum tæknilausnum. Landsbankinn hyggst vera fullur þátttakandi í þeim breytingum.




## Víðfeðmasta útibúanetið

Grundvallarþáttur í starfsemi Viðskiptabanka felst í útibúaneti Landsbankans og hefur sú stefna verið mörkuð að efla og styrkja starfsemi útibúanna. Í árslok 2010 starfrækti bankinn 34 útibú og afgreiðslur um allt land, en útibúanet Landsbankans er það víðfeðmasta á Íslandi. Markaðssvæði bankans er landið allt og ætlunin er að þjónusta viðskiptavinum með besta mögulega hætti, hvar sem þeir eru búsettir

## Vegvísir um viðskiptatengsl úr nýrri stefnu bankans (sjá nánar í kafla 4)

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Viðskiptatengsl	CE11 vísitala	3,1	>3,4	3,7	4,0

Landsbankinn rekur víðfeðmasta útibúanetið. Eftir sameiningu við **Spkef** í mars 2011 eru útibú og afgreiðslur 45 talsins um land allt.



á landinu. Í öllum útibúum og afgreiðslum bankans er veitt almenn bankaþjónusta og í stærri útibúum er veitt sérhæfðari þjónusta til afmarkaðri hópa viðskiptavina, s.s. sérhæfð fyrirtækjaþjónusta, þjónusta við bændur og þjónusta við félög og samtök. Á síðustu árum hefur útibúum og afgreiðslum Landsbankans fækkað, m.a. með það að markmiði að efla starfseiningarnar. Með stærri og öflugri útibúum fæst dýpri þekking á mál efnum viðskiptavina og færi til sérhæfðari þjónustu. Þá gengur vel að manna stærri útibú hæfu starfsfólki þar

sem fjölbreytt og umfangsmikil starfsemi er líklegri til að laða að sér hæfileikaríka starfsmenn. Áfram verður unnið að sameiningu og breytingum á útibúa- og afgreiðsluneti bankans, en hugað verður að því að slíkar breytingar nái fram að ganga viðskiptavinum bankans til ávinnings og með sem mildilegustum hætti gagnvart starfsmönnum.

### Skuldavandi heimilanna og úrvinnsla hans

Mikil áhersla hefur verið lögð á það innan Landsbankans að leysa úr mál efnum þeirra sem glíma við skulda- og/eða greiðsluvanda. Landsbankinn hefur verið þátttakandi í öllum opinberum aðgerðum skuldsettum heimilum til handa og leitast við að leggja sitt lóð á vogarskálarnar. Það sem einkenndi úrvinnslu fram undir árslok 2010 voru misvísandi skilaboð, skortur á samhæfingu úrræða og bið viðskiptavina eftir frekari

úrræðum. Lykilþáttur í úrvinnslu skuldavanda heimilanna á árinu 2011 verður að hvetja viðskiptavini sem þurfa á úrræðum að halda til að leita sér upplýsinga og fá úrlausn sinna mála. Á seinni hluta árs 2010 hóf Landsbankinn, fyrstur banka á Íslandi, að endurútreikna erlend lán viðskiptavina til samræmis við niðurstöðu dómstóla og til samræmis við lög sem samþykkt voru á Alþingi í árslok 2010. Landsbankinn endurútreiknar um 2.700 erlend húsnæðislán viðskiptavina sinna þar sem meðallækkun eftirstöðva lánanna er 41% en aldrei

### Vegvísir um markaðshlutdeild úr nýrri stefnu bankans (sjá nánar í kafla 4)

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Markaðshlutdeild	Hlutfall einstaklinga	28,3%	29%	>30%	>30%
Markaðshlutdeild	Hlutfall fyrirtækja	31,4%	33,5%	>34%	>34%

## Ferli fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrir heimili

### Almenn úrræði

- 1 Mat á greiðslugetu skv. greiðsluferfamati.
- 2 Ákvörðun í lánanefnd.
- 3 Viðskiptavininn kynnt tillaga að úrlausn í útibúi.
- 4 Umsýsla og undirritun.
- 5 Breyting framkvæmd.

### 25% höfuðstólslækkun erlendra lána

- 1 Tillögu stillt upp og ákvörðun tekin í útibúi.
- 2 Ákvörðun í Lánanefnd.
- 3 Umsýsla og undirritun.
- 4 Breyting framkvæmd.

### 110% aðlögun íbúðalána

- 1 Tillögu stillt upp.
- 2 Yfirferð umsóknar.
- 3 Ákvörðun í Fagráði.
- 4 Viðskiptavininn kynnt niðurstaða.
- 5 Umsýsla og lækkun eftirstöðva.

### Sértæk skuldaaðlögun

- 1 Mat á greiðslugetu skv. greiðsluferfðleikamati.
- 2 Ráðgjafastofa einstaklinga útfærir úrræði.
- 3 Viðskiptavininn kynnt úrræði.
- 4 Uppstilling máls skv. sértækri skuldaaðlögun.
- 5 Samþykkið kröfuhafa aflagð.
- 6 Ákvörðun í Fagráði.
- 7 Viðskiptavininn kynnt niðurstaða.
- 8 Umsýsla og greiðslumiðlun.

lægri en 25%. Með þessari aðgerð eru erlend húsnæðislán viðskiptavina færð til þeirrar stöðu, sem þau hefðu verið í væru þau í íslenskum krónum frá upphafi og fá viðskiptavinir val um hvort miðað sé við verðtryggða eða óverðtryggða vexti við endurútreikninginn. Til samræmis við samkomulag um samstillt átak fjármála-fyrirtækja, Íbúðalánasjóðs, lífeyrissjóða og ríkissjóðs, er nú unnið að því að aðlagja húsnæðislán viðskiptavina Landsbankans að verðmæti eigna þeirra með svokallaðri 110% leið. Mikill fjöldi viðskiptavina hefur að auki nýtt sér almennari og skilyrðislausari úrræði Landsbankans, s.s. 25% höfuðstóls-

leiðréttingu erlendra lána, annarra en húsnæðislána, skilmálabreytingar sem felast í aðlögun á greiðslubyrði sem og sértækari leiðri til aðlögunar á greiðslubyrði lána.

Fyrirsjáanlegt er að mikla áherslu þarf áfram að leggja á þennan þátt í starfsemi Viðskiptabanka og úrlausn á skuldavanda heimila og fyrirtækja er eitt af lykilverkefnum ársins 2011. Beiting almennra greiðslu- og skuldaleiðréttinga fyrir einstaklinga, s.s. 110% leiðinni, er í höndum útibúa bankans, en sértækari úrræðum er beitt af Ráðgjafastofu einstaklinga sem stofnuð var á haustmánuðum 2010.

### Landsbankinn til fyrirmyndar

Í nýrri stefnu Landsbankans er það framtíðarsýn hans að vera til fyrirmyndar. Viðskiptabanki hyggst leggja sitt af mörkum til að þeirri framtíðarsýn verði náð. Til framtíðar er það markmið Viðskiptabanka og starfs-eininga hans að auka hag viðskiptavina, ánægju með Landsbankann og traust samfélagsins á starfsemi hans. Til að ná þessu markmiði er unnið að fjölda umbótaverkefna, t.d. endurskoðun á Vörðunni, stærstu vildarþjónustu bankans. Þjónustustefna Landsbankans er ennfremur í sífelldri

endurskoðun og hún byggist m.a. á því að hlusta grannt eftir þörfum og óskum viðskiptavina. Starfsmenn Viðskiptabanka munu eiga 33 þúsund þjónustusamtöl við viðskiptavinina sína á hverju ári og halda reglulega fundi með litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Með þessu og því að leita sífellt leiða í vöruframboði bankans til að tryggja viðskiptavinum umbeðna þjónustu á samkeppnishæfu verði, mun Landsbankinn verða til fyrirmyndar.


### Vegvisir um viðskiptavininn í greiðsluferfðleikum úr nýrri stefnu bankans (sjá nánar í kafla 4)

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Viðreisn	Úr greiðsluferfðleikum	Á ekki við	>75% leyst	Lokið	

# Fyrirtækjabanki

**Fyrirtækjabanki varð til eftir skipulagsbreytingar** í október 2010. Þá var umsjón með viðskiptum bankans við fyrirtæki skipt upp með þeim hætti að Fyrirtækjabanka var falin ábyrgð á viðskiptum við stærstu viðskiptavini bankans úr hópi fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana, en ábyrgð á viðskiptum annarra fyrirtækja er hjá Viðskiptabanka.

## Skipurit Fyrirtækjabanka



Til viðskiptavina Fyrirtækjabanka teljast m.a. fyrirtækjasamstæður sem skulda yfir 500 m. kr., sjávarútvegsfélög sem skulda yfir 300 m. kr. í bankanum, sveitarfélög með yfir 1.500 íbúa, nýfjárfestingar sjávarútvegsfyrirtækja umfram 50 m. kr. og nýfjárfestingar í byggingaframkvæmdum umfram 100 m. kr. Fyrirtækjabanki hefur sterka stöðu meðal stærstu fyrirtækja og stofnana á Íslandi og er markaðshlutdeild bankans á fyrirtækjamarkaði um 31%. Starfsmenn Fyrirtækjabanka voru 37 í lok árs 2010.

### Viðskiptastjórar

Öllum viðskiptavinum Fyrirtækjabanka er úthlutaður viðskiptastjóri, en þeir bera ábyrgð á samskiptum við viðskiptavini og eru tengiliðir þeirra við bankann. Þeir sjá m.a. um að meta og leggja fram lánabeiðnir, beiðnir um opnun ábyrgða og önnur viðskipti. Þeim er einnig falið að viðhalda langtímasambandi við viðskiptavini Fyrirtækjabanka. Viðskiptastjórar skiptast í þrjá hópa, að hluta til miðað við atvinnugreinaskiptingu og að hluta til vegna sam-

keppnissjónarmiða. Einn hópur hefur umsjón með viðskiptum við verktaka, fasteignafélög, sveitarfélög og ýmis fyrirtæki í verslun og þjónustu. Annar hópur ber ábyrgð á viðskiptum við flutningafélög, orkuiðnað og fyrirtæki í almennum iðnaði. Þriðji hópurinn hefur umsjón með viðskiptum við stærri viðskiptavini Landsbankans í sjávarútvegi. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans veitir ráðgjöf til fyrirtækja og fjárfesta og leggur áherslu á þjónustu er varðar umbreytingu fyrirtækja, m.a. samruna og yfirtökur, kaup og sölu fyrirtækja, ráðgjöf um fjármögnun verkefna og skráningu fyrirtækja á hlutabréfamarkað.

### Markaðsumhverfi

Markaðsumhverfi Fyrirtækjabanka tekur mið af stöðu og horfum í rekstri og fjárfestingum stærstu fyrirtækja og opinberra aðila hérlendis. Vaxtabroddar í íslensku atvinnulífi eru vissulega til og Fyrirtækjabanki hefur lagt áherslu á að taka þátt í nýfjárfestingum í arðbærum verkefnum. Þau tækifæri verður að mati

sérfræðinga Landsbankans einkum að finna í gjaldeyris- skapandi atvinnugreinum, t.d. í ferðaþjónustu og orkufrekum iðnaði. Árið 2010 einkenndist af biðstöðu þar sem úrræði vegna endurskipulagningar fyrirtækja voru ekki fullmótuð. Óvissa um lögmæti erlendra lána og rekstrargrundvöll fyrirtækja réði miklu um hraða endurskipulagningar og vinna með fyrirtækjum dró dóm af þessari stöðu. Óvissuþáttum fækkaði eftir því sem leið á árið og forsvarsmenn fyrirtækja gátu betur áttað sig á þeim leiðum sem þeim stóðu til boða við fjárhagslega endurskipulagningu. Enn er þó beðið niðurstöðu Hæstaréttar um lögmæti erlendra lána bankanna.

### Fyrirtækjaráðgjöf

Fyrirtækjaráðgjöfin hefur alla jafna umsjón með sölu eigna úr eignasafni bankans. Á árinu 2010 fylgdi bankinn þeirri stefnu sinni að selja eignir sem hann hefur þurft að taka yfir, eins hratt og kostur er. Landsbankinn hefur sett sér skýrar reglur um hvernig staðið skuli að sölu eigna, þar með talið

fyrirtækja sem hann kann að eignast. Öll söluferli hefst með auglýsingu í fjölmiðlum. Með því er tryggt að allir fjárfestar hafi jafnt aðgengi að og eigi kost á að nálgast sömu upplýsingar. Þeir þurfa þó að uppfylla skilyrði um hæfilegan fjárhagslegan styrkleika og geta sýnt fram á nægilega þekkingu á fjárfestingum eða viðkomandi rekstri. Fjárfestar leggja svo fram kaup-tilboð sín á grundvelli þeirra gagna sem lögð eru fram um viðkomandi fyrirtæki eftir ítarlega skoðun.

### Verkefnin framundan

Meiri bjartsýni er ríkjandi á þessu ári en á árinu 2010. Fjárhagsleg úrræði til endurskipulagningar skulda fyrirtækja liggja nú fyrir í endanlegri mynd. Landsbankinn og viðskiptavinir vita því betur hver staðan er og hvaða grundvöllur er til sóknar. Verkefni ársins 2011 verða fyrst og fremst fólgin í því að finna og nýta þau tækifæri sem viðskiptavinum okkar gefast til nýfjárfestinga í þeim atvinnugreinum sem hafa mesta vaxtamöguleika.


### Vegvisir um markaðshlutdeild fyrirtækja úr nýrri stefnu bankans (sjá nánar í kafla 4)

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Markaðshlutdeild	Hlutfall fyrirtækja	31,4%	33,5%	>34%	>34%

# Markaðir og fjárstýring

**Á sviði Markaða og fjárstýringar** starfar öflugur hópur sérfræðinga sem annast meðal annars lausafjárstýringu og fjármögnun bankans og miðlun gjaldeyris og verðbréfa á markaði. Sviðið skiptist í tvær deildir, annars vegar Fjárstýringu og hins vegar Markaðsviðskipti. Í lok árs 2010 var fjöldi starfsmanna 23.

## Skipurit Markaða og fjárstýringar







Áfram verður unnið að því að styrkja tengsl við erlenda banka með það fyrir augum að láns hæfi Landsbankans verði metið á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í fyllingu tímans.

Fjárstýring sér um lausafjárstýringu og fjármögnun bankans, stýrir markaðs-áhættu og annast viðskipta-vakt á gjaldeyrismarkaði, peningamarkaði og með skráð verðbréf. Deildin gerir tillögur að breytingum á vaxtatöflu bankans, ákvarðar sérkjör á reikningum og stjórnar innri verðlagningu á fjármagni milli sviða. Ennfremur sér Fjárstýring um samskipti við Seðlabankann, innlendar og erlendar fjármálastofnanir og matsfyrirtæki. Í Markaðsviðskiptum fer fram miðlun á markaði með gjaldeyri og

aðra fjármálagerninga, svo sem skuldabréf, hlutabréf og afleiðusamninga til fagfjárfesta.

#### Ytri þættir

Ytri þættir, s.s. gjaldeyrishöft, takmörkuð viðskipti við erlenda banka, lítt virkur millibankamarkaður og fækkun skráðra félaga í kauphöll hafa áhrif á viðskiptamöguleika sviðsins. Þessir þættir hafa áhrif á gjaldeyrisstýringu, skuldabréfaviðskipti við erlenda

aðila auk þess að hafa áhrif á samskipti við erlenda banka.

#### Helstu verkefni

Helstu verkefni Markaða og fjárstýringar einkennast af langtímahugsun við þær aðstæður sem nú ríkja. Miklu máli skiptir fyrir Landsbankann að viðhalda sterku lausafjárhlutfalli, draga úr áhættu vegna gjaldeyris-misvægis og auka þóknana-tekjur vegna markaðsviðskipta, svo dæmi séu nefnd. Áfram verður unnið að því

á styrkja tengsl við erlenda banka með það fyrir augum að láns hæfi Landsbankans verði metið á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í fyllingu tímans.

Unnið verður að því að koma á virkari markaði með fjármálagerninga og fjölga þeim fjárfestingarkostum sem í boði eru og verða með því það hreyfiafl á markaðnum sem Landsbankinn hefur einsett sér að vera.


#### Vegvísir um uppgjör vegna gamla bankans úr nýrri stefnu bankans (sjá nánar í kafla 4)

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Uppgjör v. gamla bankans	Skilyrt skuldabréf	29%	67%	100%	Lokið

# Eignastýring

**Eignastýring** veitir alhliða eignastýringarþjónustu, sem felur í sér ráðgjöf við val á sparnaðarleiðum og uppbyggingu og stýringu eignasafna, allt eftir stöðu og markmiðum viðskiptavinarins. Starfsemi Eignastýringar á árinu 2010 hefur tekið mið af þeim breytingum sem orðið hafa í samfélaginu og hefur árið verið nýtt til undirbúnings og breytinga á skipulagi og markmiðum.

## Skipurit Eignastýringar



Viðskiptavinir Eignastýringar eru af mjög fjölbreyttum toga, allt frá einstaklingum til lífeyrissjóða, stofnana, sveitarfélaga og fyrirtækja. Lífeyrissjóðir í fullri umsjón bankans eru fjölmargir, en þar er langstærstur Íslenski lífeyrissjóðurinn. Sjóðurinn er einnig stærsti einstaki viðskiptavinur Eignastýringar. Hluti af framboði Eignastýringar felst í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum sem reknir eru af Landsvaka, sjálfstæðu dótturfélagi bankans.

Starfsmenn sviðsins voru 26 í árslok og veita þeir viðskiptavinum bankans ráðgjöf og þjónustu á sviði sparnaðar, fjárfestinga og lífeyrismála. Fræðsluhlutverk sviðsins er mikilvægt og felst bæði í fræðslu til annarra starfsmanna bankans um verðbréfavíðskipti sem eru í eðli sínu sérhæfð og einnig fræðslu til viðskiptavina, t.d. með námskeiðum um lífeyrissparnað og reglubundinn sparnað. Í Einkabankaþjónustu er efnameiri viðskiptavinum bankans veitt sérhæfð þjónusta, sem felst í stýringu eignasafna auk almennrar bankaþjónustu. Þannig er öll þjónusta til þeirra á einum stað.

Á fjórða ársfjórðungi ársins tók nýr framkvæmdastjóri til starfa. Áhersla var lögð á greiningu á stöðu eignastýringar bankans og hvaða lærdóm menn gætu dregið af fortíðinni til árangurs til framtíðar. Ljóst var að ýmislegt mátti bæta og hefur markvisst verið unnið að úrbótum, t.d. með því að skerpa á aðskilnaði ráðgjafar og sjóðastýringar. Innri verkferlar hafa verið endurskoðaðir, upplýsingagjöf til viðskiptavina bætt og fræðsla til starfsmanna sviðsins aukin til að ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini verði sem best.

Samfara þessum breytingum var skipulagi sviðsins breytt með það að markmiði að tryggja bæði fagmennsku og góða þjónustu við viðskiptavini.

### Sjóðir Landsvaka

Eignastýring er helsti söluadili sjóða Landsvaka, sjálfstæðs dótturfélags bankans. Landsvaki annast rekstur á þrenns konar sjóðum: Verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og fagfjárfestingarsjóðum. Í lok árs 2010 var 21 sjóður í rekstri félagsins og

nam hrein eign þeirra 53.628 milljónum króna, sem var aukning um 21% frá árinu áður.



Undanfarin tvö ár hefur Landsvaki lagt áherslu á að auka framboð ríkisskuldabréfasjóða til að mæta þörfum markaðarins. Í dag eru sex ríkisskuldabréfasjóðir í boði, tveir stofnaðir árið 2009 og tveir á árinu 2010.

Ávöxtun á ríkisskuldabréfamarkaði reyndist góð á síðastliðnu ári. Hins vegar var órói á skuldabréfamarkaði töluverður síðastliðið haust, en fram að því höfðu verðhækkningar verið miklar. Ávöxtun skuldabréfasjóða Landsvaka var góð á árinu. Ávöxtun sjóðanna Sparibréf


löng, Markaðsbréf meðallöng og Sparibréf meðallöng var ein sú besta á markaði árið 2010 þegar miðað er við aðra sambærilega sjóði. Innlendir hlutabréfamarkaður hefur átt erfitt uppdráttar síðustu ár, en nú eru vísbendingar um að breyting geti orðið þar á. Sem dæmi má nefna að Úrvalsbréfasjóður Landsvaka stækkaði um 148% á árinu 2010. Landsvaki rekur þrjá hlutabréfasjóði og var ávöxtun þeirra mjög góð á árinu 2010.

Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um rúm 17% í evrum og Global Equity sjóður Landsvaka hækkaði um tæp 21% í sömu mynt. Hlutabréf skráð í innlandri kauphöll hækkuðu einnig. Vísitala Kauphallarinnar hækkaði um tæp 15% á árinu en Úrvalsbréf Landsbankans hækkuðu um 27%.

### Erlendir samstarfsaðilar

Eignastýring býður upp á úrval erlendra sjóða, en bankinn er í samstarfi við þekkt erlend sjóðastýringarfyrirtæki líkt og AllianceBernstein, Carnegie og Jupiter. Vegna gjaldeyrishafta hafa viðskiptavinir ekki tækifæri


## Vöxtur Global Equity í samanburði við heimsvísitölu



Heimsvísitala hlutabréfa

Global Equity sjóður Landsvaka

## Vöxtur Úrvalsbréfa í samanburði við vísitölu Kauphallar



Vísitala Kauphallarinnar

Úrvalsbréf Landsbankans

til nýrra fjárfestinga erlendis, en þeir viðskiptavinir sem þegar eiga fé í erlendum sjóðum geta átt viðskipti milli sjóða. Því er veitt öflug fræðsla og ráðgjöf varðandi val á sparnaðarleiðum. Landsbankinn telur mikilvægt að viðhalda traustu sambandi við erlend sjóðastýringarfyrirtæki þannig að viðskiptavinir njóti ávaxtanna um leið og gjald-eyrishöftum verður aflétt.

### Fjárfestingarráð

Fjárfestingarráð er miðlægur vettvangur Eignastýringar og þar fara fram formlegar umræður um strauma,

stefnur og fjárfestingartækifæri. Ráðið hittist reglulega og er skipað helstu sérfræðingum bankans á sviði eignastýringar.

Ráðið tekur ákvarðanir um ráðstöfun eignasafna í stýringu til samræmis við þá stefnu sem áður hefur verið mörkuð í samvinnu við viðskiptavini.

### Framtíðarhorfur

Starfsfólk Eignastýringar horfir björtum augum fram á veginn. Ljóst er að umhverfið er krefjandi og gjaldeyrishöft skerða þá möguleika sem bjóðast í eignastýringu.

Á móti kemur að mjög er horft til uppbyggingar á innlendum verðbréfamarkaði. Spennandi verður að fylgjast með breytingum á innlendum skuldabréfa- og hlutabréfamarkaði, en þangað munu fyrirtæki sækja sér fjármagn og skapa þannig tækifæri fyrir fjárfesta sem vilja auka breidd sinna eignasafna.

Starfsfólk Eignastýringar mun áfram kappkosta að veita viðskiptavinum sínum persónulega þjónustu og bankinn ætlar sér leiðandi hlutverk í vandaðri ráðgjöf sem byggir á öflugri fræðslu og upplýsingagjöf. Fyrir dyrum standa frekari tækifæri til að auka enn

sjálfstæði Eignastýringar, en þar má nefna samning við IFS Greiningu, óháðan greiningaraðila, sem mun veita starfsmönnum sviðsins þjónustu á sviði óháðrar greiningar og ráðgjafar á verðbréfamarkaði.

Einnig verður horft til þess möguleika að Landsbankinn geti bæði boðið viðskiptavinum sínum úrval sjóða í rekstri dótturfélags bankans og aðila sem skara fram úr í sjóðastýringu jafnt hérlendis sem erlendis.

## Íslenski lífeyrissjóðurinn

Íslenski lífeyrissjóðurinn er almennur lífeyrissjóður sem starfar skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Íslenski lífeyrissjóðurinn hefur frá upphafi verið með rekstrarsamning við Landsbankann sem sér um daglegan rekstur sjóðsins. Sjóðurinn hefur þannig notið

ávinninga af góðu samstarfi við Landsbankann sem veitir sjóðfélögum aðgang að öflugri þjónustu bankans og útibúaneti hans. Íslenski lífeyrissjóðurinn hefur allt frá stofnun árið 1990 veitt sjóðfélögum þjónustu á sviði viðbótarlífeyrissparnaða. Við breytingu á lögum um lífeyrissjóði árið 1998 hóf hann að bjóða

móttöku iðgjalda til öflunar lögbundinna lífeyrisréttinda. Þessu til samræmis eru starfrættar tvær deildir í Íslenska lífeyrissjóðnum, séreignardeild og samtryggingardeild. Íslenski lífeyrissjóðurinn hefur lagt áherslu á sveigjanleika þegar kemur að lögbundnu framlagi til öflunar lífeyrisréttinda með samspili samtryggingar,


bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar.

Í lok árs 2010 var heildarstærð Íslenska lífeyrissjóðsins tæpir 31 milljarðar króna og heildarfjöldi sjóðfélaga tæplega 27 þúsund. Ávöxtun sjóðsins var mjög góð á síðasta ári og langt umfram viðmið hans.

Íslenski lífeyrissjóðurinn hefur allt frá stofnun árið 1990 veitt sjóðfélögum þjónustu á sviði viðbótarlífeyrissparnaða. Við breytingu á lögum um lífeyrissjóði árið 1998 hóf hann að bjóða móttöku iðgjalda til öflunar lögbundinna lífeyrisréttinda.

### Ávöxtun sjóðsins 2010

■ Raunávöxtun ■ Nafnávöxtun








# Endurskipulagning eigna

**Endurskipulagning eigna er nýtt svið í Landsbankanum.**

Það var sett á fót sérstaklega með það að markmiði að vinna úr skuldavanda fyrirtækja. Innan sviðsins eru fjórar deildir: Fyrirtækjalausnir, Lögfræðiinnheimta, Fullnustueignir og Lögfræðideild.

## Skipurit Endurskipulagningar eigna





Fyrirtækjalausnir annast úrvinnslu skulda fyrirtækja í skuldavanda, Fullnustueignir eru undir merkjum dótturfélagsins Hamla ehf., Lögfræðideildin annast alla lögfræðivinnu fyrir Fyrirtækjalausnir og Fullnustueignir og starfar einnig með Lögfræðihúsinu í ákveðnum málum. Starfsmenn Endurskipulagningar eigna voru 63 í árslok 2010.

Árið 2010 einkenndist af skipulagsbreytingum í bankanum og var sjónum m.a. beint að fyrirkomulagi við endurskipulagningu fjármála viðskiptavina bankans. Úrvinnsla fjárhagsvanda fyrirtækja var sameinuð á einu sviði og lausnir mótaðar. Í september samþykkti Bankaráð útfærslu þeirra leiða sem fyrirtækjum standa til boða við fjárhagslega endurskipulagningu og skrifað var undir samkomulag um Beinu brautina í desember. Þegar vinna við endurskipulagningu skulda fyrirtækja hófst fyrst, var mest áhersla lögð á úrvinnslu mála stærstu fyrirtækjanna

sem mörg hver, sérstaklega eignarhaldsfélög, fóru beint í gjaldþrotaferli. Úrvinnsla mála rekstrarfélaga hófst einnig fljótlega en af ýmsum ástæðum gekk sú vinna hægar en vonir stóðu til. Geta bankans til að leggja fram leiðir til úrlausnar fyrir skuldug fyrirtæki var háð því að bankinn þekkti eigin stöðu sem ekki varð ljós fyrr en í árslok 2009. Fleira hefur tafið, svo sem tregða eigenda og stjórnenda fyrirtækja til samninga þar sem margir hafa á hverjum tíma talið að betri lausn væri væntanleg síðar. Þessi vandamál eru að mestu úr sögunni. Eftir stendur þó ágreiningur um það hvort erlend lán séu erlend eða gengistryggð. Í mörgum tilvikum felur endurskipulagning skulda þó í sér að skuldir fyrirtækja lækka meira en væru erlend lán dæmd ólöglegt og endurútreiknuð.

Í lok árs var búið að endurskipuleggja skuldir 193 fyrirtækja og 378 lífvænleg fyrirtæki voru í vinnslu, þar af 69 í skjálagerð.

### Ýmis úrræði

Landsbankinn býður fyrirtækjum sem glíma við greiðslu- og eða skuldavanda ýmis úrræði. Þau einföldustu fela í sér skilmálabreytingar eins og lengingu lána eða lækkun afborgana til skamms tíma og eru þessi úrræði til þess fallin að mæta greiðsluvanda. Aðrar leiðir fela í sér niðurfellingu skulda með eða án eiginfjárframlagi og er þá miðað við verðmæti fyrirtækisins út frá eignaeða rekstrarvirði, hvort sem hærra reynist að meðtöldu tryggingarvirði. Í sumum tilvikum er sala eða yfirtaka bankans á eignum ótengdum starfsemi félagsins hluti af lausn mála. Þar sem kröfuhafar eru fleiri, er úrvinnsluferlið oft erfiðara og tímafrekara. Bankinn hefur einnig boðið viðskiptavinum sínum með erlend lán en tekjur í krónum 25% höfuðstólslækkun, en sú leið var í boði til 1. apríl 2011. Beina brautin er nýjasta lausnaformið. Með frekari útfærslu á henni í byrjun

ársins 2011 er lausnamengi bankans orðið fullnægjandi þannig að hægt er að ljúka endurskipulagningu skulda lífvænlegra fyrirtækja.


### Helstu verkefni framundan

Beina brautin og samkomulagið um hana var gríðarlega mikilvægt skref. Aðkoma atvinnulífsins og stjórnvalda að því samkomulagi var mjög mikils virði og gerði það að verkum að vilji fyrirtækja til að leita lausna sinna mála jókst stórlega.

Á árinu 2011 er stefnt að því að gera öllum fyrirtækjum sem uppfylla skilyrði um Beinu brautina tilboð um lausn sinna mála fyrir 1. júní 2011. Einnig er ætlunin að ljúka úrvinnslu mála 75% þeirra fyrirtækja sem þarfnast endurskipulagningar á árinu 2011.



## Ferli fjárhagslegrar endurskipulagningar






# Stoðsvið og stoðdeildir

Landsbankinn er með þrjú stoðsvið sem veita tekjusviðum bankans öflugan stuðning. Stoðsviðin eru Áhættustýring, Fjármál og Þróun. Auk þess heyra nokkrar deildir beint undir bankastjóra og sjá þær um að veita sviðum bankans almenna þjónustu. Þessar deildir eru Regluvarsla, Lögfræðiráðgjöf, Umboðsmaður viðskiptavina og Skrifstofa bankastjóra. Innri endurskoðun heyrir beint undir Bankaráð.

## Stoðsvið og stoðdeildir



# Áhættustýring

Landsbankinn hefur lagt verulega áherslu á að efla áhættustýringu bankans á árinu. Sú vinna fólst jafnt í því að endurskoða starfsemi og uppbyggingu sviðsins sem og að endurskoða regluverk og starfshætti í bankanum sjálfum og þær aðferðir sem notaðar eru til greiningar, mælingar, stýringar og varna áhættuþátta sem eru hluti af rekstri fjármálafyrirtækja. Fjöldi starfsmanna var 41 í lok árs 2010.

Á vormánuðum hófst endurskipulagning á starfsemi sviðsins með það að leiðarljósi að færa starfsemi nær því sem best gerist í Evrópu og að skýra starfsemi

og ábyrgð hvernar einingar innan sviðsins. Áhættustýring skiptist í sjö deildir, þar af fjórar áhættudeildir sem byggja á meginþáttum Pillar I í Basel staðlinum og þrjár stoðdeildir.

Útlánaáhætta er greind og metin hjá tveimur deildum, Útlánastýringu og Útlánaeftirliti, en starfsemi deildanna er órjúfanlegur hluti útlánaferlis bankans. Deildirnar bera sameiginlega ábyrgð á útlánaferli bankans, útlánaeignum og afskriftarreglum.

Markaðsáhætta er greind og metin hjá Eigna- og skuldaáhættu, sem hefur jafnframt eftirlit með lausafjárstöðu,

vaxtaáhættu og gjaldeyrisáhættu í eignasafni bankans. Rekstraráhætta er sér deild innan Áhættustýringar sem greinir og metur rekstrar- og tapsatvik innan bankans sem og ber ábyrgð á gerð rekstrarsamfellaáætlana.

Þrjár stoðdeildir veita áhættumatsdeildum stuðning í greiningu og mati á áhættu.


Innri áhættulíkön ber ábyrgð á að þróa, uppfæra og innleiða láns hæfiseinkunnir viðskiptavina, þróa og viðhalda áhættulíkönunum og tekur virkan þátt í virðismati viðskiptavina. Deildin var stofnuð á árinu 2010 til að efla þennan hluta starfsemi

Áhættustýringar með tilliti til Basel II staðalsins.

Hagfræðideild var stofnuð innan Áhættustýringar á árinu. Deildin greinir áhættuþætti í ytra umhverfi bankans, jafnt innanlands sem erlendis og ber ábyrgð á gerð sviðsmynda í álagsprófum bankans. Deildin er sjálfstæð innan Áhættustýringar.

Hönnun og greining ber ábyrgð á skýrslugerð til innri og ytri aðila og greiningu gagna um útlánasafn bankans. Deildin ber einnig ábyrgð á safnagreiningu Áhættustýringar og er helsta tenging Áhættustýringar við Upplýsingatækni.

## Skipurit Áhættustýringar



# Fjármál

Á sviðinu eru starfandi fjórar deildir: Fjárhagsdeild, Reikningshald, Lánavinnsla og Viðskiptaumsjón. Starfsmenn Fjármála voru 169 í árslok 2010.

Fjárhagsdeild hefur umsjón með gerð viðskipta- og fjárhagsáætlana sem eru eitt af stýritækjunum við rekstur bankans. Deildinni er ætlað að greina niðurstöður í rekstri bankans með tilliti til þeirrar áætlunar sem liggur til grundvallar á hverjum tíma hjá viðkomandi sviði/deild. Þá mun Fjárhagsdeild hafa umsjón með gjaldskrár- og vaxtamálum ásamt hefðbundinni

kostnaðarstýringu og greiðslu kostnaðarreikninga.

Viðskiptaumsjón sinnir mjög víðtæku hlutverki innan bankans, bæði sem þjónusta við tekjusvið bankans og einnig beint við viðskiptavini hans. Í starfsemi felst m.a. erlend greiðslumiðlun, öll verðbréfaþjónusta eða uppgjör verðbréfa og gjaldeyrisviðskipta, svo og öll vörsluþjónusta verðbréfa. Einnig fer þar fram sjóðausýsla, bæði fyrir verðbréfasjóði og lífeyrissjóði, svo og bakvinnsla fyrir lífeyrisparnað bankans. Mikil samskipti eru við erlenda banka vegna samninga bankans

um kaup á þjónustu, bæði vegna greiðslumiðlunar og vörslu og uppgjörþjónustu.


Ýmis lög og reglur gilda um þessa starfsemi og er starfsemin undir opinberu eftirliti sem innifelur meðal annars regluleg skýrsluskil til FME og SÍ. Einnig er regluleg upplýsingagjöf til annarra hagsmunaaðila. Innra eftirlit er hluti af daglegri starfsemi og lögð er sífellt meiri áhersla á þann hluta.

Reikningshald sér um gerð fjárhagslegra upplýsinga, s.s. árs- og árshlutareikninga auk utnumhalds um

þjónustusamninga innan bankans og við dótturfélög hans. Einnig sér Reikningshald um uppgjör á skuldbindingum við Landsbanka Íslands hf. og skattamál.

Lánavinnsla bankans sér um skjalagerð sem tengist lánasamningum við viðskiptavini bankans. Einnig sér Lánavinnsla um þinglýsingar og vörslu frumskjala, auk þess sem útborganir lána eru á hennar höndum.

## Skipurit Fjármála





# Þróun

Þróun er nýtt svið sem var sett á stofn þegar skipulagsbreytingar voru gerðar í bankanum haustið 2010.

Þróun hefur það hlutverk að vera leiðandi í framþróun og breytingum innan bankans. Í því síbreytilega umhverfi sem bankinn starfar er nauðsynlegt að brugðist sé hratt við, en þó þannig að fagmennskan víki hvergi. Með því að setja undir eitt svið þær deildir bankans sem standa að baki framþróun


og nýbreytni verður til öflug skipulagsheild til að mæta þessum kröfum.

Innan Þróunar eru sex deildir: Eignadeild, Mannauður, Markaðsdeild, Vefdeild, Verkefnastofa og Upplýsingatækni. Í lok árs 2010 störfuðu þar 206 starfsmenn. Starfseiningarnar mynda innviði bankans og eiga það flestar sam-eiginlegt að koma á einn eða annan hátt að málum þegar

breytingar verða á starfsemi, óháð því hvers eðlis þær eru. Saman mynda þær slagkraft til að keyra áfram breytingar þvert á bankann með skipulegum hætti og af fagmennsku. Landsbankinn hefur einn banka nýtt sér þessa leið til að sameina hæfni sína í breytingum á einu sviði. Þetta fyrirkomulag skapar bankanum mikil tækifæri í samkeppni þar sem viðbragðstími styttest án þess að fagmennska

víki. Með virku og góðu samstarfi við önnur svið bankans verður þannig hægt að leiða starfsemina áfram og tryggja stöðu bankans í síbreytilegu umhverfi, viðskiptavinum og starfsmönnum til hagsbóta.

## Skipurit Þróunar



# Regluvarsla

Regluvarsla er ein af grunnstoðum fyrirtækjameningar Landsbankans. Bankaráð og yfirstjórn styðja við þá fyrirtækjameningu sem stefnt er að með góðu fordæmi. Regluvarsla snertir alla starfsemi bankans og er órjúfanlegur hluti af rekstri hans. Í Regluvörslu voru starfsmenn níu í lok árs, þar af fjórir í skjalastjórnun.

Regluvörsluáhættu má skilgreina sem áhættuna á lagalegum viðurlögum, fjárhagslegu tjóni eða skaða á ímynd bankans vegna brota gegn lögum, reglugerðum, siðareglum og því sem teljast góðir starfshættir. Regluvörsluáhætta er undir-

flokkur rekstraráhættu þar sem áherslan er á svik, misferli, aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, persónuvernd, siðareglur, reglur um hagsmunaárekstra og bestu framkvæmd.

Landsbankinn hefur sett á stofn sjálfstæða og skilvirka Regluvörslu er heyrir beint undir bankastjóra.

Regluvarsla skal fyrst og fremst bera ábyrgð á og vinna á virkan hátt að því að:

1. Fylgjast með og meta reglulega virkni þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið til að koma á og viðhalda viðeigandi reglum og

ferli til að greina hvers konar hættu á misbrestum hjá bankanum á því að uppfylla skyldur samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.

2. Aðstoða, styðja og ráðleggja stjórnendum við störf þeirra. Veita starfsmönnum bankans, sem eru ábyrgir fyrir framkvæmd verðbréfavíðskipta, nauðsynlega fræðslu, ráðgjöf og aðstoð til að þeir geti uppfyllt skyldur fyrirtækisins samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.

3. Framfylgja ákvæðum laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðla að góðri framkvæmd laganna.

4. Greina, meta og fylgjast með áhættu tengdri regluvörslu í starfsemi bankans.

Regluvarsla bankans hefur verið styrkt á síðustu tveimur árum, m.a. með því að gera hana sjálfstæðari með breyttu skipuriti. Þá hefur aðgengi Regluvörslu að upplýsingum verið bætt og starfsmönnum fjölgað.

## Lögfræðiráðgjöf

Lögfræðiráðgjöf Landsbankans heyrir beint undir bankastjóra og hefur yfirmensjón með lögfræðilegum verkefnum bankans og lögfræðilegum samskiptum innan sem utan hans. Starfsmenn deildarinnar voru 13 í lok árs. Lögfræðiráðgjöf veitir Bankaráði, bankastjóra, höfuðstöðvum og útibúum bankans lögfræðipjónustu

um hvaðeina er varðar starfsemina. Einnig veitir deildin dótturfélögum bankans ráðgjöf á grundvelli þjónustusamnings. Þá annast deildin samskipti við stjórnvöld og eftirlitsstofnanir, þ.m.t. Fjármálaeftirlit og Samkeppniseftirlit. Deildin hefur umsjón með gerð staðlaðra eyðublaða bankans.

Lögfræðiráðgjöf annast samræmingu á túlkun innan bankans á lagalegum álitaefnum sem kunna að rísa í starfseminni. Þá annast deildin flutning dómsmála og rekstur úrskurðarmála. Lögfræðiráðgjöf styður við innra eftirlit og vinnur að því markmiði að lágmarka lagalega áhættu í starfsemi bankans.

Í því skyni kemur Lögfræðiráðgjöf með virkum hætti að ákvarðanatöku bankans í mikilvægum málum frá upphafi.



# Umboðsmaður viðskiptavina

Allir viðskiptavinir Landsbankans, sem telja á sig hallað í viðskiptum sínum við bankann, eiga rétt á því að hafa samband við umboðsmann viðskiptavina um sín mál. Umboðsmaður starfar samkvæmt tilmælum Samkeppniseftirlitsins og ríkisstjórnar Íslands frá því í árslok 2008 um að skipaður yrði óháður umboðsmaður viðskiptavina í hverjum banka. Í framhaldi af því réði Landsbankinn Eggert Á. Sverrisson í starf umboðsmanns viðskiptavina og hóf hann störf 1. febrúar 2009.

Umboðsmaður viðskiptavina starfar sjálfstætt en hefur aðsetur hjá Lögfræðiráðgjöf bankans. Þá á umboðsmaður viðskiptavina náði samstarf við þá deild Viðskiptabanka sem sér um kvartanir.

Umboðsmaður viðskiptavina starfar í vinnuhópi innan bankans um úrlausn á fjárhagsvanda viðskiptavina.

## Fjöldi mála 2009 2010

Greiðslumiðlun	23	13
Lánamál einstaklinga	146	235
Lánamál fyrirtækja	31	25
Lífeyrissjóðir	20	6
Verðbréfasjóðir	22	11
Verklag	22	36
Annað	61	45

**325 371**

Það er mat forsvarsmanna Landsbankans að staða umboðsmanns feli í sér mikilvægan farveg innan bankans fyrir mál viðskipta-

vina. Umboðsmaður er talsmaður viðskiptavina þó hann sé hlutlaus í afstöðu sinni og mati. Öll mál sem koma til umboðsmanns viðskiptavina eru skráð í málakerfi bankans. Þar er haldið utan um öll gögn og samskipti varðandi hvert mál. Verkferlar varðandi þjónustubátt starfsins hafa verið kortlagðir af starfsmönnum Regluvörslu bankans.


## Niðurstaða afgreiddra mála

Niðurstaða mála er skráð á þrjú vegu, samþykkt, synjað og hlutlaus. Þar sem mál eru ólík, getur verið erfitt að skilgreina nákvæmlega niðurstöðu þeirra. Mál eru skilgreind samþykkt ef við-

skiptavinur hefur fengið jákvæða úrlausn sinna mála á einhvern hátt þó það hafi ekki nauðsynlega verið „samþykkt“ af hálfu bankans. Mál sem hefur verið synjað felur í sér að viðskiptavinur hefur ekki fengið úrlausn sinna mála í samræmi við óskir sínar, t.d. óskir um niðurfellingu skulda, lækkun vaxtaálags við endurnýjun lánasamninga, mál sem tilheyra skilanevnd gamla bankans, lánveitingar sem hefur verið hafnað og ýmis mál þar sem viðskiptavinur er ekki sáttur við afgreiðslu bankans en mál verið afgreidd í samræmi við verklagsreglur engu að síður. Þá eru í þriðja lagi mál sem skráð eru hlutlaus. Slík mál fela m.a. í sér almenna upplýsingamiðlun.


## Niðurstaða afgreiddra mála

2009



Synjað

2010



Hlutlaust

Samþykkt

# Skrifstofa bankastjóra

Skrifstofa bankastjóra vinnur náið með bankastjóra og styður hann í störfum sínum. Á skrifstofu bankastjóra eru fjórir starfsmenn: Aðstoðarmaður bankastjóra, ritari, upplýsingafulltrúi og sér-

fræðingur í samfélagslegri ábyrgð. Skrifstofa bankastjóra sér um að fylgja eftir stefnu bankans, annast innri og ytri samskipti bankans og sinnir m.a. samskiptum við stofnanir, opinber fyrirtæki

og ýmsa hagsmunaaðila. Skrifstofa bankastjóra ber einnig ábyrgð á að innleiða samfélagsleg, umhverfisleg og siðferðileg gildi í rekstur og stefnumótun bankans og framfylgja stefnu um sam-

félagslega ábyrgð. Ennfremur hefur skrifstofan umsjón með störfum og ákvörðunum Bankaráðs Landsbankans og framkvæmdastjórnar og fylgir þeim eftir.

## Innri endurskoðun

Innri endurskoðun Landsbankans er hluti af skipulagi Landsbankans og þáttur í eftirlitskerfi bankans samanber ákvæði 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hlutverk Innri endurskoðunar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu á virkni innra eftirlits, áhættustýringar og stjórnskipulags Landsbankans á samstæðugrunni. Innri endurskoðun nær til allra starfseininga bankans, þar á meðal dótturfélaga, en auk þess hefur deildinni verið falin innri endurskoðun á lífeyrissjóðum í rekstri og stýringu Landsbankans.


Markmiðið með starfi Innri endurskoðunar er að stuðla að skilvirkum og gagnsæjum rekstri og efla áhættustýringu Landsbankans þannig að virðisauki skapist.

Innri endurskoðandi er ráðinn af og ábyrgur gagnvart Bankaráði Landsbankans. Hann veitir Innri endurskoðun bankans forstöðu, en starfsmenn deildarinnar voru 8 á liðnu ári. Samkvæmt áhættumiðaðri endurskoðunar-áætlun, sem samþykkt var af Endurskoðunar- og áhættunefnd, var á árinu 2010 lögð höfuðáhersla á úttektir sem vörðuðu áhættustýringu, útlánaferlið og rekstur útibúa bankans. Einnig var kappkostað að efla tölvuendurskoðun. Á árinu var samþykkt að fela Innri endurskoðun að sinna úttektum á stjórnkerfi upplýsingaöryggis, en bankinn er vottaður samkvæmt ISO 27001 staðli. Í meðfylgjandi súluriti má sjá hvernig rauntími starfsmanna skiptist á milli verkefna með hliðsjón

af þeim áhættuþáttum sem einkenndi þau. Við úttektir fylgir deildin formlegu og mótuðu verklagi líkt og alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun kveða á um.

Nýtt skjalastjórnunarkerfi sem styður við verklagið var tekið í notkun á árinu. Rekstraráhætta deildarinnar var metin og ráðstafanir gerðar til að draga úr mestu áhættuþáttum í starfsemi deildarinnar.

### Hlutfallsleg skipting tíma með hliðsjón af áhættu



# Dótturfélög

**Dótturfélög Landsbankans** teljast þau félög sem bankinn á meira en 50% eignarhlut í. Helstu dótturfélög Landsbankans eru nú Horn fjárfestingarfélag hf., Hömlur ehf., Landsvaki hf., Reginn ehf. og SP-Fjármögnun hf. Það sem af er árinu 2011 hefur Landsbankinn eignast tvö dótturfélög til viðbótar, Rose Invest, rekstrarfélag sjóða, og Avant hf. Þá hefur Landsbankinn selt sitt stærsta dótturfélag, Vestia ehf., en Samkeppniseftirlitið samþykkti þá sölu í janúar 2011.

Til hlutdeildarféлага bankans teljast þau félög sem Landsbankinn hefur fjárfest í til langs tíma og þar sem eignarhlutur er umtalsverður en þó aldrei meiri en 50%. Eignarhlutur hlutdeildarféлага er færður í samræmi við hlutdeild bankans í eigin fé þeirra og hlutdeild í rekstrarafkomu er færð með sama hætti. Úthlutaður arður er færður til lækkunar á eignarhlut bankans í viðkomandi félagi.



---

## Reginn ehf.

---

Reginn tók til starfa vorið 2009 og fer með eignarhald á þeim eignum sem bankinn eignast í kjölfar fullnustuaðgerða eða annars konar skuldaskila. Félagið ber ábyrgð á umsýslu og ráðstöfun fasteigna og fasteignafélaga. Þær eignir sem um ræðir eru uppbyggingar- og þróunarverkefni, skipulögð byggingasvæði, umfangsmeiri íbúðarbyggingar og atvinnuhúsnæði, hvort sem er fullgert eða ófullgert, fasteignarþróunarverkefni og eignarhlutir í fasteignafélögum. Í þessu felst að félagið mun m.a. leigja út og/ eða selja fasteignir, auk þess að vinna að uppbyggingu

einstakra verkefna. Reginn hefur stofnað dótturfélög sem sérhæfa sig í einstökum greinum, s.s. atvinnuhúsnæði, íbúðarhúsnæði og þróunarverkefnum. Gert er ráð fyrir að félagið muni m.a. koma að uppbyggingu þróunarverkefna og áframhaldandi framkvæmdum á ókláruðum verkefnum. Félagið leitast við að bjóða út hvers kyns þjónustu tengda rekstri fasteigna. Sama á við um stærri framkvæmdir við fasteignir félagsins. Öll stærri verk eru boðin út sérstaklega.

Markmið Regins er að varðveita og hámarka þau verðmæti sem bundin eru í fasteignum og fasteignafélögum. Félagið selur ein-

stakar eignir eða félög á markaði og er áhersla á að sölufærli sé opið og gagnsætt.

Helgi S. Gunnarsson er framkvæmdastjóri Regins. Helgi er verkfræðingur með MS gráðu frá DTU – Danmarks Tekniske Universitet. Hann var framkvæmdastjóri hjá Eignarhaldsfélaginu Portus ehf. á árunum 2006 – 2009 og framkvæmdastjóri félagsins Nýsir Fasteignir ehf. 2005 – 2006. Hann var sviðsstjóri og einn af eigendum VSÓ Ráðgjafar ehf. árin 1989 – 2005. Helgi hefur reglulega verið gestafyrirlsari og leiðbeinandi við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands. Frá 1990 hefur Helgi verið meðdómari og dómkvaddur matsmaður

í fjölda mála hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og Reykjaness. Helgi var ráðinn framkvæmdastjóri Regins í maí 2009.

---

## SP-Fjármögnun hf.

---

SP-Fjármögnun hf. hefur starfsleyfi sem eignaleigufyrirtæki sbr. lög nr. 61/2002. Félagið var stofnað hinn 10. febrúar 1995. Starfsemi félagsins er í megin dráttum tvíþætt. Annars vegar er um að ræða fjármögnun á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjárfestingum fyrir fyrirtæki, stofnanir og aðra rekstraraðila. Hins vegar fjármögnun bíla, vagna og annarra ökutækja fyrir

einstaklinga og fyrirtæki, stofnanir og rekstraraðila. Starfsmenn í lok árs 2010 voru 53 í 50 stöðugildum.

Félagið var stofnað af Sparisjóðabankanum og nokkrum sparisjóðum, en í nóvember árið 2002 varð breyting á hluthafahópi SP þegar Landsbankinn keypti 51% hlut í félaginu. Í mars 2009 eignaðist Landsbankinn SP-Fjármögnun að fullu.

Framkvæmdastjóri SP-Fjármögnunar hf. er Kjartan Georg Gunnarsson. Kjartan er viðskiptafræðingur, cand. oecon., frá Háskóla Íslands. Kjartan hefur langa reynslu af störfum á fjármálamarkaði. Hann var framkvæmdastjóri eignaleigufélagsins Féfangs hf. frá árinu 1989 til 1995 og hefur starfað sem framkvæmdastjóri SP-Fjármögnunar frá stofnun félagsins árið 1995.

---

## Landsvaki

---

Landsvaki var stofnað árið 1994 og er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða. Landsvaki starfar sem rekstrarfélag samkvæmt starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Samkvæmt lögum skal sjóðastýringarfyrirtæki vera

óháð móðurfélagi í daglegri starfsemi. Starfsemi félagsins er í aðskildu húsnæði og meirihluti stjórnarmanna Landsvaka er ótengdur Landsbankanum. Landsvaki útvistar þó hluta af rekstri sínum til Landsbankans, svo sem ráðgjöf og vörslu.

Ari Skúlason er framkvæmdastjóri Landsvaka hf. Ari er með viðskiptapróf frá Háskóla Íslands og meistarapróf í hagfræði frá Háskólanum í Árósum. Hann hefur einnig lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Ari hóf starfsferil sinn hjá Kjarrannsóknarnefnd og vann svo sem hagfræðingur hjá Árósaborg. Hann starfaði hjá ASÍ frá 1988 til 2001, fyrst sem forstöðumaður hagdeildar og alþjóðafulltrúi og síðan sem framkvæmdastjóri frá 1994. Frá 2001-2004 var hann framkvæmdastjóri Aflvaka, atvinnuþróunarfélags Reykjavíkurborgar. Hann hóf störf hjá Landsbankanum í upphafi árs 2005 og var ráðinn framkvæmdastjóri Landsvaka hf. í maí 2009.

---

## Horn fjárfestingarfélag hf.

---

Horn fjárfestingarfélag er alhliða fjárfestingarfélag sem fjárfestir jafnt í skráðum sem óskráðum verðbréfum í flestum atvinnugreinum.

Horn er dótturfélag Landsbankans og var stofnað í lok árs 2008. Meðal markmiða Horns er að styðja við uppbyggingu á íslenskum hlutabréfamarkaði.

Starfsmenn Horns annast fjárfestingu og umsýslu hlutabréfasafns félagsins sem er vel dreift jafnt í skráðum og óskráðum eignum. Mikil áhersla er lögð á vandaða greiningu á þeim félögum og þeim mörkuðum sem eru í eignasafni Horns á hverjum tíma. Markmið með stofnun félagsins er að aðgreina umsýslu fjárfestinga í hlutabréfum frá meginstarfsemi Landsbankans.

Hermann Már Þórisson er framkvæmdastjóri Horns fjárfestingarfélags hf. Hermann er með BS gráðu í fjármálum frá Háskóla Íslands. Hann hóf störf hjá Horni við stofnun félagsins árið 2008 og varð framkvæmdastjóri 2009. Á árunum 2006–2008 starfaði Hermann sem sérfræðingur hjá Verðbréfasviði Landsbanka Íslands hf.

---

## Hömlur ehf.

---

Hömlur og dótturfélög þess bera ábyrgð á eignum sem bankinn eignast við uppboð, skuldaskilasamninga eða við gjaldþrot og ætlaðar eru

til sölu á næstu 12-18 mánuðum og/eða ef verðmæti fasteignar er undir 300 m. kr. Dýrari fasteignir enda að jafnaði hjá Reginn ehf.

Hömlur ehf. hafa umsjón með íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði sem metið er á minna en 300 m. kr., skipum og bátum, sumarústöðum, jörðum og lóðum, bifreiðum, yfirteknum vörubirgðum og yfirteknum viðskiptakröfum. Þar er einnig haldið utan um eignarhluti í félögum sem bankinn kann að eignast en ætlar ekki að eiga lengi. Landsbankinn á einnig fullnustueignir erlendis sem Hömlur sjá um.

Friðrik S. Halldórsson er framkvæmdastjóri Hamla ehf. Friðrik er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað hjá Landsbankanum frá árinu 2008, fyrst á Viðskiptabankasviði en síðan á Lögfræðisviði við verkefni tengd endurskipulagningu útlána og fullnustueigna. Friðrik hefur unnið við banka- og fjármálastarfsemi frá árinu 1988 og hefur víðtæka þekkingu á sviði bankarekstrar.

# Mannauður

---

**Landsbankinn er þekkingarfyrirtæki** þar sem sérmenntað starfsfólk starfar á öllum sviðum. Starfsfólkið er stærsta og mikilvægasta auðlind bankans. Af þeim sökum eru gerðar miklar kröfur til bankans um starfsumhverfi, aðbúnað og krefjandi verkefni frá degi til dags.

---

Árið 2010 var kynnt ný stefna og nýtt skipurit þar sem umfangsmiklar skipulagsbreytingar voru gerðar á starfsemi Landsbankans.

Öflug liðsheild er ein af meginstoðum nýrrar stefnu og mikil áhersla er lögð á starfsánægju, þjálfun og fræðslu starfsmanna.

Unnið er að fjölmörgum verkefnum sem styðja stefnuna og í raun má segja að hlutverk nýrrar stefnu sé

endurskoðun og nýsköpun fyrirtækjamenningar bankans.

---

## Breytingar á starfsmannahópi

---

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á starfsmannahópi Landsbankans frá árinu 2008. Þá starfaði bankinn um allan heim, en nú aðeins á Íslandi. Verkefni bankans hafa líka breyst mikið, mörg verkefni sem áberandi voru á

uppgangstímum hafa legið í láginni um hríð og áherslan færst á endurskipulagningu skulda fyrirtækja og heimila. Breytingar á starfsmannahópi endurspeglar þessar áherslubreytingar.

---

## Fræðsla fyrir starfsmenn

---

Landsbankinn býr að langri hefð í fræðslu fyrir starfsmenn. Fjölbreytni einkennir framboð námskeiða, en á

hverju ári er boðið upp á fjölmörg námskeið, fyrirlestra eða erindi sem nýtast innan starfs og utan.

Á árinu 2010 voru skráðir fræðsluatburðir 218 og sótti hver starfsmaður að jafnaði meira en 3 námskeið á árinu. Kennarar á námskeiðum eru ýmist starfsmenn eða sérfræðingar utan hans. Vorið 2010 gengust allir starfsmenn undir próf í málefnum er varða peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.



---

## Stjórnendabjálfun

---

Stjórnendabjálfun er sem stendur eitt af lykilverkefnum Landsbankans. Sú stefna hefur verið mótuð að styðja betur við stjórnendur, bæði með bjálfun og skýrari upplýsingagjöf til langs og skamms tíma. Þetta er eitt þeirra atriða sem hvað mestu skipta um framgang bankans og farsælan rekstur til framtíðar. Í mótun er frammistöðumatskerfi sem

mun skerpa á kröfum um árangur og forgangsröðun, auk þess að tryggja sameiginlega sýn stjórnenda og starfsfólks á helstu verkefni hverrar starfseiningar.

---

## Vottun fjármálaráðgjafa

---

Víðsvegar um lönd hafa verið teknar upp aðferðir til að votta kunnáttu og færni þeirra sem starfa við að veita almenningi ráðgjöf

í fjármálum. Fjármála-fyrirtækin á Íslandi hafa tekið höndum saman á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja, SFF, og vinna nú að sameiginlegri fræðsludagskrá í þessum tilgangi.

Þau námskeið sem þar verða í boði eru sérstaklega ætluð framlínustarfsfólki og er þar meðal annars horft til þess að starfsmenn Landsbankans muni standa stöðugt vottun fjármálaráðgjafa þegar sú

vottun verður tekin upp hérlandis.

---

## Hlustum, lærum, þjónum

---

Einkunnarorð nýrrar stefnu eru *hlustum, lærum og þjónum*. Með þeim er staðfestur sá skilningur að Landsbankinn er þjónustufyrirtæki og að meginmarkmiðið með starfseminni er að þjónusta viðskiptavinum.



Framkvæmdastjórar



Forstöðumenn



Deildarstjórar




Útibússtjórar




Laun kvenna sem hlutfall af launum karla.

Kynjahlutfall í nýráðningum 2010



Kynjahlutfall allra starfsmanna



Unnið hefur verið að innleiðingu einkunnarorðanna á ýmsa vegu. Fyrirlestraröðin „Heyrðu“ byggir á þrettán utanaðkomandi fyrirlesurum sem fjalla um mikilvægi hlustunar frá margvíslegum sjónarhornum. Þá hefur umfangsmikil fræðsludagskrá undir heitinu „Við lærum“ staðið starfsmönnum til boða. Innri og ytri þjónustukannanir eru orðnar veigamikill hluti af menningu Landsbankans og veita mikilsverða endurgjöf á frammistöðu starfsmanna.


Nýjar siðareglur voru innleiddar í byrjun árs 2011 og munu allir starfsmenn skrifa undir siðasáttmála fyrir 1. júní næstkomandi.

**Jafnrétti og jafnræði**

Innan Landsbankans skal ríkja jafnrétti. Allir starfsmenn skulu njóta jafnra tækifæra til launa, stöðuhækkana og starfspróunar. Landsbankinn hefur þegar jafnað kynjahlutföll í

framkvæmdastjórn bankans og stjórnnum dótturfélaga og stefnir að jafnari kynjaskiptingu í stjórnunarstörfum innan bankans. Þess má geta að undanfarna mánuði hafa 5 stöður útibússtjóra verið auglýstar og hafa konur þar verið 27% umsækjenda. Í þessar 5 stöður voru 4 karlar og ein kona ráðin. Þá má og geta þess að Bankaráð Landsbankans skipa nú 3 konur og 2 karlar. Í framkvæmdastjórn er enginn launamunur á körlum


og konum og meðal útibússtjóra eru konur launahærri en karlar. Þáverandi Bankaráð Landsbankans samþykkti á fundi sínum 17. febrúar 2010, tillögu þess efnis að fyrirtækið skuli tryggja fyrir árslok 2013 að hlutur hvors kyns verði ekki undir 40% í forystusveit bankans og dótturfélaga hans. Með því hefur bankinn sett sér sömu markmið og sett voru í samstarfssamningi Félags kvenna í atvinnu-



Vegvísir um ánægju starfsmanna úr nýrri stefnu bankans (sjá nánar í kafla 4)

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Ánægja starfsmanna	Vinnustaðagreining	4,1	4,2	4,3	4,4

## Vinnustaðagreining: Landsbankinn hefur skýra framtíðarsýn



rekstri, Samtaka Atvinnulífs og Viðskiptaráðs Íslands frá maí 2009. Sá samningur er að auki undirritaður af fulltrúum stjórnaráðgjafanna sem eiga sæti á Alþingi.

Landsbankinn leggur mikla áherslu á rökræðu og jafnræði starfsmanna í henni. Stefna bankans er sú að bestu rökin ráði í hvert skipti, óháð því hver setur þau fram. Með þeim hætti telja stjórnendur bankans að jafnrétti einstaklinga og jafnræði þeirra verði best tryggt til lengri tíma.

### Nýráðningar og starfsmannavelta

Starfsmönnum fækkar um 16 milli ára, en alls var ráðið í 142 stöðugildi á árinu. Starfsmannavelta er um 14% á árinu. Meðalaldur nýrra starfsmanna er 32 ár.

### Vinnustaðagreining

Landsbankinn lætur á hverju ári framkvæma ítarlega vinnustaðagreiningu. Sú greining er eitt mikilvægasta viðmið stjórnenda við umbætur á bankanum.

Í viðskiptaáætlun bankans er gerð grein fyrir þeim markmiðum sem sett hafa verið um starfsánægju til ársins 2013. Ánægðir og stoltir starfsmenn eru lykillinn að árangri og öflug liðsheild er ein af þeim fjórum meginstöðum sem stefna bankans hvílir á.

Í nýrri vinnustaðagreiningu sem gerð var í mars 2011, eykst heildarstarfsánægja lítillega. Stolt starfsmanna mælist hins vegar nú 3,78 í stað 3,50 fyrir ári síðan. Áberandi er að starfsmenn telja Landsbankann nú hafa mun skýrari framtíðarsýn en áður.

### Starfsmannafélag Landsbankans

Félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi (FSLÍ) var stofnað 7. mars 1928. Verkefni félagsins er að koma fram fyrir hönd starfsmanna Landsbankans með því að gæta hagsmuna og samninga um hlunnindi og réttindi þeirra. Félagið sinnir málefnum starfsmanna með mjög myndarlegum hætti og hefur mikilvægu hlutverki að gegna við mótnun starfsanda í bankanum.



# Samfélagsleg ábyrgð

---

**Landsbankinn hyggst skilgreina samfélagslega ábyrgð sína á árinu 2011 og móta sér stefnu um þátttöku bankans í samfélaginu. Ráðning sérfræðings í þessum málaflokki markar fyrstu skrefin á þessari leið.**

---

Á árinu 2010 var unnið að undirbúningi stefnumótunar í samfélagslegri ábyrgð. Þar má meðal annars nefna siðasáttmála Landsbankans sem kynntur var samkvæmt áætlun á fyrsta fjórðungi 2011. Lögð verður rík áhersla á innleiðingu siðasáttmálans og að allir starfsmenn skilji hvað í honum felst. Bankinn hefur í aðgerða-áætlun sinni tilgreint ýmis markmið sem á að ná á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 og sex þeirra snerta samfélagslega ábyrgð beint.

Í lok ársins 2010 var ráðinn sérfræðingur á skrifstofu bankastjóra sem á að þróa nánar stefnu bankans varðandi samfélagslega ábyrgð og vera starfsmönnum allra

deilda og sviða innan handar við innleiðingu hennar.

Landsbankinn ætlar sér að

vera virkur þátttakandi í alþjóðastarfi á sviði samfélagslegrar ábyrgðar. Það er hluti af stefnu bankans að

innleiða tíu meginviðmið úr Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna í starfsemi bankans.

---

## Markmið samfélagslegrar ábyrgðar fyrstu sex mánuði ársins 2011

---

- Ný og heilsteypt stefna um samfélagslega ábyrgð, ásamt lykilverkefnum.
- Opinber birting upplýsinga um stjórnarhætti bankans.
- Jöfnun kynjahlutfalls í stjórnnum dótturfyrirtækja bankans, líkt og þegar hefur verið gert í framkvæmdastjórn.
- Kynning nýrrar innkaupastefnu sem er aðgengileg, skýr og með samfélagslegum áherslum.
- Aukin áhersla á fjármálalæsi ungs fólks.
- Viðameira og víðfeðmara hlutverk nýrra samfélagssjóða Landsbankans.

---

## Ný stefna

---

Samfélagsleg ábyrgð er mjög mikilvægur hluti nýrrar stefnu Landsbankans og þar er lögð áhersla á eftirfarandi:

- Ábyrga lánastarfsemi
- Stuðning við samfélagið
- Að bankinn sé umhverfisvænn
- Skýrt stjórnskipulag og opinbert regluverk
- Virka þátttöku í fjármálaumræðu
- Gott siðferði
- Jafnrétti



---

## Meginþættir samfélagslegrar ábyrgðar

---

### Stjórnarhættir

Stjórnarhættir fyrirtækja lúta að því hvernig hluthafar, stjórn og framkvæmdastjórn tekur og innleiðir ákvarðanir í samræmi við stefnu og markmið bankans. Í víðari skilningi nær hugtakið einnig til sambands bankans og annarra aðila sem starfsemi bankans hefur áhrif á, s.s. starfsmenn, lánadrottna og samfélagið.

Stjórnarhættir bankans þurfa að styðja við innleiðingu annarra meginflokka samfélagslegrar ábyrgðar. Því skal haga skipulagi og ákvörðunarferlum þannig að stefna, markmið og mælikvarðar endurspegli viðhorf bankans til samfélagslegrar ábyrgðar og leitast verður við að nýta fjármagn, mannauð og umhverfi á hagkvæman hátt.

### Mannauður og vinnuvernd

Ábyrg framkoma í garð starfsmanna er nauðsynleg svo tryggja megi félagslegt jafnrétti, stöðugleika og almenna sátt.

Löggjöf á íslenskum vinnumarkaði er vel mótuð og reglur og samskipti aðila á vinnumarkaði í föstum skorðum, enda byggð á því að aðilar eigi sameiginlegra hagsmuna að gæta. Landsbankinn mun tryggja að starfsemi bankans sé í samræmi við lög, reglur og samninga vinnumarkaðar.

Til að skapa aðlaðandi starfsumhverfi og aukna



*Menningarnótt í Austurstrætinu.*



Steinþór Pálsson kynnr verkefnið Samfélag í nýjan búning.

starfsánægju ætlar bankinn m.a. að tryggja sanngjarnar starfsaðstæður með tilliti til launa, vinnutíma, hvíldar, heilsu og öryggis, og möguleika á að samræma vinnu og einkalíf.

### Umhverfismál

Fjármálaþjónusta hefur ekki mikil bein umhverfisáhrif. Landsbankinn getur hins vegar skilgreint samfélagslegt hlutverk sitt þannig að hann vilji hafa áhrif á viðskiptavinum og birgja með virkri innkaupa-, innlána- og síðast en ekki síst útlána-stefnu.

### Sanngjarnir starfshættir

Sanngjarnir starfshættir lýsa því hvernig bankinn vinnur með hagsmunaaðilum í samfélaginu.

Sanngjarnir starfshættir fela í sér að sporna gegn spillingu. Þeir fela í sér ábyrga og opna þátttöku í almennri umræðu til hagsbóta fyrir samfélagið í heild en ekki sérhagsmuna eingöngu. Þeir taka til heiðarlegrar samkeppni og innkaupastefnu sem tekur tillit til hagkvæmasta tilboðs en ekki endilega lægsta verðs.

### Viðskiptavinurinn

Þjónustuframboð bankans skiptir því miklu máli og ekki síður að bankinn leitist við að veita viðskiptavinum réttar og nákvæmar upplýsingar sem þeir geta byggt ákvarðarnir sínar á.

Landsbankanum ber að upplýsa viðskiptavininn um raunverulegt verð/raunveruleg kjör, áhættu tengda viðskiptunum og

### Styrkir yfir 1.000.000 krónum til málefna annarra en íþrótt- og æskulýðsmála

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum	10.000.000
Jólaaðstoð 2010	6.000.000
Samfélag í nýjan búning – 10 málefni	5.000.000
Bókamessan í Frankfurt	5.000.000
Námsstyrkir – 14 einstaklingar	4.150.000
Menningarnæturjóður	2.500.000
Sjónarhóll	2.500.000
Leikfélag Akureyrar	2.200.000
Félag heyrnarlausra – afmælisstyrkur	1.600.000
Innovit	1.500.000
Umhyggja – afmælisstyrkur	1.000.000
ÚTÓN – Útflutningsskrifstofa tónlistarinnar	1.000.000

hvort eða hvernig viðskiptavinurinn getur tryggt sig gegn áhættu. Honum ber að ástunda sanngjarna markaðssetningu, þar sem upplýsingar eru settar fram á skiljanlegan og óhlutdrægan hátt og ekki síður að hlusta á viðskiptavininn og taka tillit

til athugasemda hans.

### Þátttaka í samfélaginu og þróun þess

Heilbrigður banki þrífst einungis í heilbrigðu samfélagi. Grundvallaratriði samfélagslegrar ábyrgðar er að starfsemi bankans auki hag





Sigurveggarar í Raunveruleiknum.

og virði bankans og samfélagsins. Í hefðbundnum fyrirtækjarekstri er hagur skilgreindur sem hagnaður. Samtímis eru félagasamtök og opinberir aðilar óvön að hugsa um hagnað á sama hátt og fyrirtæki. Þar eru mælikvarðar sem farið er eftir yfirleitt ávinningur (án tillits til kostnaðar) eða það fjármagn sem lagt er í viðkomandi málaflokk (oft án tillits til nýtingar).

### Stuðningur við samfélagið 2010

Bankinn lítur á sig sem hluta samfélagsins og hagur hans helst í hendur við þróun þess. Heilbrigður banki þrífst einungis í heilbrigðu samfélagi. Grundvallaratriði samfélagslegrar ábyrgðar er að starfsemi bankans auki hag og virði bæði bankans og samfélagsins.

Landsbankinn er mikilvægur þátttakandi í samfélaginu og getur haft veruleg samfélagsleg áhrif.

Bankinn ætlar sér að hlusta og læra af samfélaginu til að geta þjónað því sem best, hann gerir sér grein fyrir mikilvægi samvinnu og hann miðlar af reynslu og þekkingu þannig að hún nýtist sem best.


### Nýr Samfélagssjóður

Frá og með árinu 2011 mun nýr Samfélagssjóður Landsbankans (áður Menningarsjóður) sjá um stærstu úthlutanir til samfélagsmála. Hægt verður að sækja um styrki í fjórum sjóðum.

- **Samfélagssjóður**  
Almennir styrkir til menningar og mannúðarmála.
- **Námsstyrkir**  
Styrkir til námsmanna eins og síðustu tuttugu ár.
- **Sprotasjóður**  
Nýr sjóður stofnaður til að styrkja nýsköpunar- og sprotaverkefni.
- **Umhverfissjóður**  
Styrkir til umhverfismála.

### Beinn samfélagsstuðningur

Heildarstuðningur Landsbankans við samfélagsmál nam rúmlega 100 milljónum króna árið 2010.



Fjölskyldufólk á Menningarnótt í útibúinu við Austurstræti.

## Menningarnótt

Landsbankinn hefur verið virkur þátttakandi í Menningarnótt frá upphafi og hefur opnað dyr sínar fyrir gestum og gangandi og verið bakhjarl hátíðarinnar alla tíð. Það hefur verið bankanum kappsmál að fjárstuðningur hans renni beint til listamanna og hópa sem skipuleggja viðburði á Menningarnótt. Veittir eru margir hóflegir styrkir þannig að sem flestir fái notið góðs af. Landsbankinn hefur ennfremur styrkt margar aðrar bæjarhátíðir um land allt í gegnum útibúanet bankans.

## Samstarf við íþróttafélög

Landsbankinn kappkostar að styðja íslenskt íþróttalíf. Það gera útibú bankans með samstarfssamningum við íþróttafélög. Samstarfið við íþróttafélögin hefur verið mjög farsælt og stendur víða traustum fótum eftir margra ára samleið. Í slíku samstarfi leggur bankinn mikla áherslu á að styðja barna- og

unglingastarf og að stuðningur nýttist jafnt íþróttum kvenna og karla.

## Samfélag í nýjan búning

Samfélag í nýjan búning er yfirskrift nýrrar stefnu sem Landsbankinn hefur sett um stuðning bankans við

er nýstárleg; Landsbankinn afsalar sér öllum merkingum á búningum samstarfsfélaga og býður íþróttafélögum að velja gott málefni til að setja á búninga sína.

## Verkefni með samfélagslega tengingu

Önnur hlið á samfélags-

## Landsbankinn kolefnisjafnar flugferðir og ökuferðir starfsmanna

Árið 2010 fóru starfsmenn Landsbankans 259 ferðir með flugi til og frá landinu og öku 23 bifreiðum Landsbankans 441.000 km. Samkvæmt reiknilíkani kolefnisjöfnunarsjóðsins Kolviðs samsvaraði aksturinn meðallosun koltvísýrings 0,27 kg/km á hvern bíl og losun koltvísýrings vegna flugferðanna var um 121 tonn af CO<sub>2</sub>.

Landsbankinn mun kolefnisjafna þessar ferðir og nemur sá jöfnuður 481.000 kr. Upphæðin mun renna til Kolviðs, sjóðs sem miðar að því að binda kolefni í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koltvísýringsdíoxíðs (CO<sub>2</sub>) í andrúmslofti.

íþróttafélög. Markmiðið er að tengja saman stuðning bankans við íþróttir og mannúðarmál. Hugmyndafræði stefnunnar

stuðningi bankans er ýmis þjónusta og ráðgjöf við viðskiptavinum sem hafa skýra samfélagslega tengingu.

## Raunveruleikurinn

Raunveruleikurinn er gagnvirkur hermileikur, sem fer fram á netinu og er ætlaður sem fjármála- og samfélagsfræðsla í lífsleiknitímum 10. bekkjar grunnskóla. Með Raunveruleikum eiga nemendur að fá innsýn í þær ákvarðanir sem venjulegur þjóðfélagsþegn þarf að taka í lífi sínum og þau tækifæri sem hann stendur frammi fyrir í lífinu. Árið 2005 hlaut Raunveruleikurinn verðlaun norrænu ráðherranefndarinnar sem besta námsefnið um neytendamál.



Merki Sjálfsbjargar prýðir nú Þróttaragallann.



## Leggðu góðu málefni lið

Í netbönkum Landsbankans geta einstaklingar og fyrirtæki gerst áskrifendur að góðu málefni. Hægt er að velja á milli 80 góðra málefna. Í lok árs 2010 höfðu tæplega 25 milljónir króna safnast í gegnum Leggðu góðu málefni lið með yfir tíu þúsund greiðslum frá viðskiptavinum.

## Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Landsbankinn leggur mikla áherslu á almenna fjármálaráðgjöf til viðskiptavina sinna og almennings. Frá árinu 2006 hafa verið skipulögð fræðslukvöld undir heitinu Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld. Þau hafa verið haldin mjög reglulega um land allt.

## Fjárhagur


Fjárhagur er vefsvæði á vef Landsbankans. Þar miðla starfsmenn af þekkingu sinni og reynslu um málefni er snerta fjármál heimilisins og efnahagsmál. Á vefsvæðinu má einnig finna ýmis konar verkfæri sem geta hjálpað til við skipulag fjármála heimilisins.





# Stjórn og stjórnendur bankans

## Eigendur Landsbankans



**Eigendur Landsbankans** eru tveir. Bankasýsla ríkisins fer með 81,3% hlut fyrir hönd ríkissjóðs og Landsskil ehf. fer með 18,7% hlut fyrir hönd Landsbanka Íslands hf.

Bankasýsla ríkisins er ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn sem heyrir undir fjármálaráðherra. Hún tók til starfa í janúar 2010. Bankasýslan fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu

ríkisins á hverjum tíma, og leggur þeim til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimilda í fjárlögum.

Bankasýsla ríkisins kýs fjóra af fimm stjórnarmönnum á hluthafafundum. Sérstök valnefnd velur stjórnarmenn fyrir hönd ríkisins og til-

nefnir þá til starfsins til Bankasýslunnar. Landsskil ehf. eru í eigu Landsbanka Íslands hf. sem nú er í slita-meðferð. Landsskil eignaðist hlut sinn í Landsbankanum þegar stofnefnahagsreikningur Landsbankans var samþykktur 16. desember 2009. Þá sömdu Lands-

bankinn og LBI um uppgjör vegna mismunar á eignum og innlendum innistæðum sem færðar voru til Landsbankans. Uppgjörið fólst í því að Landsbankinn gaf út skuldabréf í erlendri mynt til 10 ára. Að auki eignaðist LBI tæplega 18,7% hlut í bankanum.

# Bankaráð Landsbankans

---

**Bankaráð Landsbankans** fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda, mótar almenna stefnu bankans og skal annast um að skipulag og starfsemi bankans sé jafnan í réttu horfi.

---

Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með rekstri bankans og sér til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi bankans í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir. Bankaráð er kjörið á aðalfundi til árs í senn og eru kjörnir fimm aðalmenn og fimm til vara.

---

## **Gunnar Helgi Hálfðanarson, formaður**

Gunnar Helgi er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og er með meistara-próf í rekstrarhagfræði frá McMaster University í Kanada. Gunnar Helgi var forstjóri Landsbréfa hf. á árunum 1989-1999 og framkvæmdastjóri Eignastýringar Landsbanka Íslands hf. frá 1997 til 1999. Hann var framkvæmdastjóri hjá bandaríska sjóðastýringarfyrirtækinu AllianceBernstein Investments á Norðurlöndunum

með aðalskrifstofu í Stokk-hólmi, á árunum 1999-2009. Þar voru helstu verkefni hans þróun viðskiptasambanda við stærstu banka Norðurlandanna og íslenska lífeyrissjóði.

---

## **Sigríður Hrólfsdóttir, varaformaður**

Sigríður er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með meistara-gráðu í rekstrarhagfræði frá Berkeley í Kaliforníu. Sigríður starfaði á fjárstýringar-sviði Íslandsbanka á árunum

1994-1998 og síðan hjá Eim-skip frá 1998 til 2004, upphaflega sem forstöðumaður fjárreiðudeildar en síðan sem framkvæmdastjóri fjármála-sviðs frá árinu 2000. Hún var framkvæmdastjóri fjárfestinga- og fjármálasviðs Tryggingamiðstöðvarinnar 2007-2008 og starfaði sem framkvæmdastjóri Árvakurs frá 2009-2010.

---

## **Guðríður Ólafsdóttir**

Guðríður er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, með meistara-gráðu í heim-speki og fjölmiðlafræðum frá Háskólanum í Osló og hefur lokið námi í kennsluréttindum frá Háskólanum á Akureyri. Hún tók til starfa sem sérfræðingur á Fyrirtækjasviði Landsbanka Íslands hf. árið 2008 og hafði þá starfað hjá Lýsingu hf. á árunum 1993 til 2007, m.a. sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs. Á árunum 2008 til 2009 vann Guðríður fyrir Landsbanka Íslands



Frá vinstri: Ólafur Helgi Ólafsson, Guðríður Ólafsdóttir, Gunnar Helgi Hálfðanarson (formaður), Þórdís Ingadóttir, Sigríður Hrólfsdóttir (varaformaður).

hf. og síðar Landsbankinn (NBI hf.), en er nú sjálfstætt starfandi.

---

### Þórdís Ingadóttir

---

Þórdís er lögfræðingur (cand. juris) frá lagadeild Háskóla Íslands og með LL.M gráðu í alþjóðalögum frá New York University School of Law. Þórdís er dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík og sinnir þar kennslu jafnt sem rannsókn- um. Á árunum 1999-2003 starfaði hún hjá New York University og á árinu 2004

hjá lagaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Þórdís hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum, m.a. fyrir stjórnvöld, alþjóðastofnanir, háskóla og félagasamtök.

---

### Ólafur Helgi Ólafsson

---

Ólafur Helgi er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og á að baki langan feril í íslensku atvinnulífi. Lengst af var hann framkvæmdastjóri Lýsingar, eða í 15 ár, en áður var hann fjármálastjóri sama félags, fjármálastjóri Orkubús

Vestfjarða, deildarstjóri tölvudeildar Heimilistækja og deildarstjóri tölvudeildar Ísal. Frá árinu 2007 hefur Ólafur rekið eigið ráðgjafafyrirtæki. Hann situr í stjórn nokkurra fyrirtækja, m.a. Eimskips, Urriðaholts ehf. og VSB verkfræðistofu ehf.

---

### Andri G. Arinbjarnarson

---

Fyrsti varamaður er Andri G. Arinbjarnarson og situr hann alla fundi Bankaráðs. Andri er verkfræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaraáráðu í verkfræði

frá Tækniháskólanum í Lyngby. Hann hefur einnig lokið MBA frá Stanford University, Graduate School of Business, í Bandaríkjunum. Hann á og rekur fyrirtækið AGA Partners, en var áður framkvæmdastjóri sænsk-bandaríska ráðgjafafyrirtækisins Search Value. Þar áður var hann einn eigenda og lykilstarfsmanna ráðgjafa- og ráðningafyrirtækisins Whitehead Mann í Lundúnum.



# Framkvæmdastjórn

---

**Hlutverk framkvæmdastjórnar** er að stýra daglegum rekstri Landsbankans í umboði eigenda og í samræmi við stefnu Bankaráðs. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á skilvirka stjórnun og markvissa innleiðingu á stefnu bankans.

---



## Steinþór Pálsson, bankastjóri

Steinþór Pálsson hefur langa reynslu af stjórnunarstörfum við banka og framleiðslufyrirtæki bæði innanlands og erlendis og mikla reynslu af breytingastjórnun og stefnumótun.

Steinþór er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá Edinborgarháskóla. Á árum áður gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra lánasviðs Verzlunarbanka Íslands og varð síðar starfsmaður

Íslandsbanka, m.a. sem forstöðumaður lánadeildar, fjárfestingarlána útibúaþjónustu, áhættustýringar og fyrirtækjaþjónustu, auk þess sem hann var virkur í stefnumótunarstarfi Íslandsbanka og samrunaferli forvera hans. Hann var um hríð fjármála- og rekstrarstjóri líftæknifyrirtækisins Urður, Verðandi og Skuld, en síðustu átta árin starfaði hann hjá Actavis. Fyrst sem framkvæmdastjóri Actavis á Möltu, þá sem framkvæmda-

stjóri Actavis í Bandaríkjunum og á árunum 2008 – 2010 sem framkvæmdastjóri Actavis samstæðunnar á Íslandi á sviði stefnumótunar.

Steinþór er stjórnarformaður Horns hf., Hamla ehf. og situr í stjórn Samtaka fjármálafyrirtækja.

Steinþór er formaður framkvæmdastjórnar, Áhættu- og fjármálanefndar og Lána- nefndar.





### Helgi Teitur Helgason, Viðskiptabanki

Helgi lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands 1998 og hóf þá störf sem lögfræðingur og síðar lögmaður í Landsbankanum, þar sem hann annaðist almenn lögfræðistörf, innheimtu, ráðgjöf og málflytning. Helgi leiddi opnun skrifstofu

Intrum og Lögheimtunnar á Akureyri vorið 2001 og starfaði þar sem svæðisstjóri og lögmaður á Norðurlandi til vorsins 2004, auk þess að veita stéttarfélögum á Akureyri og félagsmönnum þeirra lögmannsþjónustu. Helgi var útibússtjóri Landsbankans á

Akureyri frá árinu 2004 til 2010.

Helgi er stjórnarformaður SP-Fjármögnunar. Hann á sæti í framkvæmdastjórn og Lánanefnd.



### Árni Þór Þorbjörnsson, Fyrirtækjabanki

Árni er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað í Landsbankanum frá 1996. Á fyrstu árunum annaðist hann öll almenn lögfræðistörf, ráðgjöf og málflytning.

2008, en við stofnun nýja bankans tók Árni við sem framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs og við skipulagsbreytingarnar í október 2010 tók hann við Fyrirtækjabankanum.

sveitarfélaga. Sviðið sinnir einnig stærri fjármögnunarverkefnum.

Árni situr í stjórnnum Hamla ehf. og Mótus ehf. Hann á sæti í framkvæmdastjórn og Lánanefnd.

Árni var yfirlögfræðingur Fyrirtækjasviðs til ársins

Fyrirtækjabankinn sér um málefni stórra fyrirtækja og



### Hreiðar Bjarnason, Markaðir og fjárstýring

Hreiðar er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, með MSc gráðu í fjármálafræðum frá London Business School og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

Hreiðar hefur starfað í Landsbankanum frá árinu 1998, fyrst sem sérfræðingur í Markaðsviðskiptum og síðar í Fjárstýringu. Hann tók við sem framkvæmda-

stjóri sviðs Markaða og fjárstýringar snemma árs 2010.

Hreiðar á sæti í framkvæmdastjórn og Áhættu- og fjármálanefnd.



### Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, Eignastýring

Hrefna er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands en hefur einnig lokið prófi frá Tryggingaskólanum og stundaði MS nám í stjórnun við Háskóla Íslands.

áður en hún gekk til liðs við Landsbankann.

Fjárvangi og var starfsmaður á peningamálasviði Seðlabanka Íslands.

Hrefna starfaði sem sjóðsstjóri hjá Arev Verðbréfafyrirtæki frá árinu 2007,

Þá starfaði Hrefna sem forstöðumaður skráningar-sviðs og sérfræðingur á því sviði hjá Kauphöll Íslands frá 1998-2006. Áður gegndi hún starfi forstöðumanns einstaklingsþjónustu hjá

Hrefna er fulltrúi Landsbankans í stjórn Framtaks-sjóðs Íslands. Hún á sæti í framkvæmdastjórn og Fjárfestingarráði Eignastýringar.



### Hjördís Dröfn Vilhjálmstöðttir, Endurskipulagning eigna

Hjördís er með gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands. Hún var sérfræðingur á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands frá 1999-2005, hagfræðingur hjá Glitni á árunum 2006-2008 og ráðgjafi fjármálaráðherra frá árinu 2009 við verkefni sem féllu

fjármálaráðuneytinu í skaut við fall bankanna haustið 2008.

Hjördís hefur setið í samstarfsnefnd stjórnvalda um fjármálastöðugleika fyrir hönd fjármálaráðuneytisins og var í samninganefnd um

lán ríkisins frá Norðurlöndunum og Póllandi svo dæmi séu nefnd.

Hjördís situr í stjórn Hamla ehf. Hún á sæti í framkvæmdastjórn og Lánanefnd bankans.



### Perla Ösp Ásgeirsdóttir, Áhættustýring

Perla er með MSc gráðu í fjármálum frá Háskólanum í Reykjavík. Hún starfaði hjá Seðlabanka Íslands á árabílinu 2005-2010 og hjá Rannsóknarnefnd Alþingis árið 2009.

Perla sinni m.a. eftirliti með fjármálaþyrtingum og -mörkuðum hjá Seðlabanka Íslands og annaðist gerð áhættulíkana fyrir íslenskan fjármálamarkað. Perla var ráðin forstöðumaður Áhættustýringar

Landsbankans í apríl 2010 og framkvæmdarstjóri í október.

Perla á sæti í framkvæmdastjórn og í Áhættu- og fjármálanefnd.



### Frans Páll Sigurðsson, Fjármál

Frans er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands með endurskoðun sem sérsvið.

Frans kom til Landsbankans frá GlaxoSmithKline, en hann var fjármálastjóri fyrirtækisins á Íslandi og í Noregi þar sem hann hafði

aðsetur. Frans tók þátt í uppbyggingu starfs GlaxoSmithKline á Íslandi frá 2004 sem fjármálastjóri og yfirmaður dreifingarmála. Áður starfaði Frans sem ráðgjafi hjá PricewaterhouseCoopers, og sem meðeigandi hjá PWC Consulting og

síðar hjá IBM Business Consulting Services.

Frans er stjórnarmaður í Horni ehf., SP-Fjármögnun og er stjórnarformaður Regins ehf. Hann á sæti í framkvæmdastjórn og Áhættu- og fjármálanefnd.



### Jensína Kristín Böðvarsdóttir, Þróun

Jensína er með BS gráðu í auglýsingafræðum frá San Jose State University í Kaliforníu, Bandaríkjunum, og lauk MBA prófi með áherslu á neytendahæðun og markaðsfræði frá University of San Diego árið 1995. Jensína starfaði áður hjá Símanum þar sem hún var forstöðumaður

sölu á Einstaklingssviði frá árinu 2007. Jensína gegndi stöðu markaðsstjóra Globus frá árinu 2004-2007, var framkvæmdastjóri mannaúðssviðs IMG á árunum 2002-2004, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar IMG frá 2001, starfsmannastjóri Norðurljósa 1999-2001 og tók þátt í mótun og upp-

byggingu ráðningarþjónustu Gallup á árunum 1997-1999.

Jensína er stjórnarformaður Reiknistofu bankanna hf. og stjórnarmaður í Frumtaki GP ehf. Hún á sæti í framkvæmdastjórn og er formaður Öryggisnefndar, auk þess að starfa með Starfskjaranefnd bankans.

# Stjórnarhættir

**Það er markmið Landsbankans** að efla góða stjórnarhætti bankans í þágu heildarhagsmuna bankans sjálfs, hluthafa, viðskiptavina og samfélagsins alls. Góðir stjórnarhættir stuðla að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðsmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila, og eru leiðarljós í því að styrkja hlutlægni, heilindi og ábyrgð í stjórnun bankans. Landsbankinn endurskoðar með reglubundnum hætti hvort viðeigandi og viðteknum leiðbeiningum um stjórnarhætti sé fylgt og hvort stjórnarhættir bankans á hverjum tíma séu í samræmi við þær leiðbeiningar.

Landsbankinn stefnir að því að stjórnarhættir bankans séu á hverjum tíma í samræmi við bestu framkvæmd að því er varðar leiðbeiningar um stjórnarhætti fjármálafyrirtækja og í samræmi við lög á hverjum tíma, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyr-

irtæki, sbr. lög nr. 75/2010. Í þeim efnum eru lagðar til grundvallar Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út í júní 2009 af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins (3. útg.). Jafnframt telur bankinn rétt að taka

tillit til viðmiðanna sem Basel-nefndin um bankaeftirlit gaf út í október 2010 um bættu stjórnarhætti banka (e. Principles for enhancing corporate governance).

Þá tekur bankinn tillit til eigendastefnu ríkisins um fjármálafyrirtæki sem fjár-

málaráðuneytið gaf út 1. september 2009, samþykktu bankans og starfsreglna fyrir Bankaráð. Með vísan til alls þessa birti Landsbankinn á vefsíðu sinni þann 15. apríl 2011 skjal um stjórnarhætti Landsbankans þar sem finna má yfirlit um þau viðmið sem Landsbankinn fylgir.

---

## Innra eftirlit og áhættustýring

---

Bankaráð ber ábyrgð á því að koma á fót virku kerfi innra eftirlits. Í því felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og að virkni þess sé reglubundið sannreynnd. Bankaráð og bankastjóri skulu taka mið af niðurstöðum Innri endurskoðunar, ytri endurskoðanda bankans, Regluvörslu, Áhættustýringar og annarra deilda hans sem sjá um innra eftirlit. Þar sem Landsbankinn er móðurfélag í samstæðu ber Bankaráð ábyrgð á því að tryggja fullnægjandi stjórnarhætti á samstæðugrunni og enn fremur ábyrgð á því að tryggja að viðhafðir séu stjórnarhættir í ljósi skipulags, starfsemi og áhættu samstæðunnar og einstakra félaga innan hennar. Landsbankinn starfrækir virkt innra eftirlitskerfi og áhættustýringu sem hefur nægilegar heimildir, færni, sjálfstæði, sérhæfingu og aðgang að Bankaráði og bankastjóra.

## Gildi félagsins, siðareglur og stefna um samfélagslega ábyrgð

---

Þann 2. október 2010 kynnti Landsbankinn og birti á vefsíðu sinni stefnu sína um einkunnarorðin „hlusta, læra og þjóna“. Þessi stefna var birt á vefsíðu bankans.

Bankinn setti sér siðareglur þann 1. mars 2011. Siðareglurnar eru í formi sáttmála sem allir starfsmenn bankans skulu skrifa undir fyrir 1. júní 2011. Siðasáttmálann er að finna á vefsíðu Landsbankans. Starfsmenn skrifa undir og endurnýja siðasáttmálann árlega í starfsmannaviðtölum. Nýr siðasáttmáli Landsbankans myndar grunnviðmið fyrir góða viðskiptahætti og siðferði starfsmanna. Sáttmálinn er hornsteinn í nýrri stefnu Landsbankans og jafnframt leiðbeinandi um hvernig bregðast skuli við siðferðilegum álitamálum. Siðareglurnar eru skrifaðar frá sjónarhorni starfsmanna og lýsa því hvernig þeir vinna og koma fram. Þetta er gert til að á rétta ábyrgð hvers og eins.

Í almennri stefnu Landsbankans er fjallað um samfélagslega ábyrgð og ávinn-ing samfélags og eigenda. Gert er ráð fyrir að stefna bankans um samfélagslega ábyrgð liggi fyrir eigi síðar en 1. maí 2011. Landsbankinn hefur á að skipa sérfræðingi í samfélagslegri ábyrgð.

---

## Samsetning og starfsemi Bankaráðs, bankastjóra og undirnefnda Bankaráðs

---

Bankaráð hefur yfirumsjón með því að starfsemi bankans sé í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sem um fjármálastarfsemi gilda. Bankaráð mótir almenna stefnu bankans og annast um að skipulag og starfsemi bankans sé jafnan í réttu horfi. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með rekstri bankans og gætir þess að fullnægjandi eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna bankans. Hver sá sem valinn er til setu í Bankaráði Landsbankans skal vera þeim kostum gæddur að geta rækt skyldur sínar sem bankaráðsmaður

og hafa möguleika á að verja þeim tíma til sem slík seta krefst. Sjálfstæð dómgreind er skilyrði allrar ákvarðanatöku, hvort sem bankaráðsmenn teljast óháðir eður ei.

Bankaráð ræður bankastjóra til að annast daglegan rekstur bankans og skal hann í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem Bankaráð hefur gefið.

Innan Bankaráðs starfa fimm starfsnefndir sem undirbúa umfjöllun innan Bankaráðs á tilteknum starfssviðum og annast nánari athugun á málum sem þeim tengjast. Nánar tiltekið er um að ræða Stjórnarháttanefnd, Endurskoðunar- og áhættunefnd, Starfskjarnanefnd og tvær lánanefndir. Stofnun starfsnefnda er til þess fallin að bæta starfshætti Bankaráðs og gera störf þess markvissari. Þeir bankaráðsmenn sem sinna störfum í slíkum sérhæfðum nefndum geta einbeitt sér betur að þeim verkefnum sem þeim eru falin heldur en þegar allt Bankaráð er saman komið. Mikilvægt er að starfsnefndir geri Bankaráði reglulega grein fyrir helstu niðurstöðum úr starfi sínu, enda starfa

sérstakar nefndir í umboði Bankaráðs og skulu a.m.k. árlega veita því skýrslu um störf sín. Bankaráð ber ábyrgð á skipun og störfum starfsnefnda. Bankaráð setur starfsnefndunum erindisbréf til að auðvelda þeim og öðrum að skilja hlutverk

sitt og ábyrgð. Þar skal gera ráð fyrir því að nýir nefndarmenn fái nauðsynlega leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti viðkomandi nefndar. Undirnefndir skulu jafnframt stuðla að góðum samskiptum við stjórnendur bankans. Starfs-

nefndir Bankaráðs skulu tryggja að bankaráðsmenn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um helstu störf nefndanna. Upplýsingar þessar þurfa að vera á því formi og af þeim gæðum sem Bankaráð kýs. Upplýsingar og gögn eiga að vera

aðgengileg bankaráðsmönnum tímanlega fyrir fundi Bankaráðs, og á milli þeirra, og skulu allir bankaráðsmenn fá sömu upplýsingar. Upplýsingar skulu jafnframt vera til staðar þegar þörf krefur og vera eins nýjar og nákvæmar og unnt er.

## Fundarsókn bankaráðsmanna

41 bankaráðsfundir voru haldnir á árinu 2010	Starfstími á árinu 2010	Bankaráð	Lánanefndir	Endurskoðunar- og áhættunefnd	Stjórnarháttanefnd
<b>Núverandi bankaráðsmenn</b>					
Gunnar Helgi Hálfðanarson	18.2 - 31.12	35	7	0	1
Sigríður Hrólfsdóttir	18.2 - 31.12	33	7	12	
Guðríður Ólafsdóttir	18.2 - 31.12	33	6	0	1
Þórdís Ingadóttir	18.2 - 31.12	22	5	11	
Ólafur Helgi Ólafsson	25.11 - 31.12	3	1	0	
Andri Geir Arinbjarnarson, varamaður	18.2 - 31.12	23	3	0	
Þorsteinn Garðarsson, varamaður	25.11 - 31.12				
<b>Fyrri bankaráðsmenn</b>					
Haukur Halldórsson	1.1 - 30.4	15	1	2	
Erlendur Magnússon	1.1 - 7.2	1		1	
Salvör Jónsdóttir	1.1 - 18.2	6		1	
Stefanía K. Karlsdóttir	1.1 - 18.2	6		1	
Ása Richardsdóttir, varamaður	1.1 - 18.2	6		1	
Eva H. Einarsdóttir, varamaður	1.1 - 18.2	5		0	
Friðrik Pálsson	18.2 - 30.04	10		1	
Guðrún Ragnarsdóttir, varamaður	18.2 - 26.10	3		0	
Loftur Árnason, varamaður	18.2 - 7.5	2		0	
Lárentsínus Kristjánsson	18.2 - 25.11	13	3	0	
Melrós Eysteinsdóttir*	1.1 - 31.12			8	

\*Situr eingöngu fundi í Endurskoðunar- og áhættunefnd

---

## Skipun nefndarmanna undirnefnda

---

Stjórnarháttanefnd er skipuð þremur bankaráðsmönnum. Með Stjórnarháttanefnd starfar Starfsnefnd um góða stjórnarhætti sem skipuð er starfsmönnum bankans. Forstöðumaður Lögfræðiráðgjafar bankans leiðir vinnu Starfsnefndarinnar en í henni sitja jafnframt framkvæmdastjóri Áhættustýringar og regluvörður.

Bankaráð skipar í Endurskoðunar- og áhættunefnd og í henni sitja að minnsta kosti þrjú nefndarmenn, þar af tveir úr hópi bankaráðsmanna. Formaður Bankaráðs skal ekki vera í nefndinni. Einn nefndarmaður, að minnsta kosti, skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu

á sviði reikningsskila. Auk nefndarmanna sækja að öllu jöfnu fundi nefndarinnar bankastjóri, innri endurskoðandi og framkvæmdastjóri Áhættustýringar. Þá situr framkvæmdastjóri Fjármála fundi nefndarinnar þegar fjallað er um verkefni sem varða reikningsskil og uppgjör bankans. Formaður nefndarinnar getur boðað ytri endurskoðendur, stjórnendur Landsbankans og aðra sérfræðinga á fundi nefndarinnar

Starfskjaranefnd er skipuð þremur bankaráðsmönnum, þeim sömu og skipaðir eru í Stjórnarháttanefnd, og starfa bankastjóri, mannauðsstjóri og framkvæmdastjóri Þróunar jafnframt með nefndinni.

Lánanefndir eru skipaðar öllum bankaráðsmönnum. Auk þess situr fulltrúi skilanefndar Landsbanka Íslands hf. fundi annarrar nefndarinnar. Áheyrnarfulltrúar eru bankastjóri, fyrsti varamaður í Bankaráði, framkvæmdastjóri Fyrirtækjabanka, og framkvæmdastjóri Áhættustýringar.

---

## Fjöldi stjórnarfunda og fundir undirnefnda

---

Á árinu 2010 voru haldnir 41 bankaráðsfundir, 12 fundir Endurskoðunar- og áhættunefndar, 7 fundir lánanefnda og einn fundur í Starfskjaranefnd. Taflan hér á undan sýnir mætingu einstakra nefndaraðila. Þess ber að geta að breytingar urðu á skipan Bankaráðs á árinu.

---

## Starfsreglur Bankaráðs

---

Starfsreglur Bankaráðs má finna á vefsíðu Landsbankans.

---

## Upplýsingar um hvaða bankaráðsmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum

---

Allir bankaráðsmenn og varamenn þeirra eru óháðir Landsbankanum. Banksýsla ríkisins skipar fjóra bankaráðsmenn og eru þeir sjálfstæðir í störfum sínum. Landsskil ehf. skipar einn bankaráðsmann og annan til vara og eru þeir óháðir skilanefnd Landsbanka Íslands hf.

---

## Helstu þættir í árangursmati Bankaráðs

---

Bankaráð hefur ekki framkvæmt eigið árangursmat fyrir árið 2010. Bankaráð mun framkvæma slíkt árangursmat á árinu 2011.

---

## Upplýsingar um bankastjóra og lýsing á helstu skyldum hans

---

Bankastjóri annast daglegan rekstur bankans og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem Bankaráð hefur gefið. Bankastjóri skal ávallt starfa af heilindum með hagsmunum bankans að leiðarljósi. Bankastjóri fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum bankans sem ekki

eru falin öðrum með lögum, samþykktum bankans eða ákvörðunum Bankaráðs. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða hafa veruleg áhrif á efnahag og rekstur bankans. Slíkar ráðstafanir getur bankastjóri aðeins framkvæmt samkvæmt sérstakri heimild Bankaráðs nema ekki sé unnt að bíða ákvörðunar Bankaráðs án verulegs óhagræðis fyrir bankann. Í slíkum tilvikum skal Bankaráði tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Bankastjóri sér um að rekstur bankans sé í öllum greinum samkvæmt lögum, reglugerðum, samþykktum og ákvörðunum Bankaráðs. Bankastjóri hefur heimild til að skuldbinda bankann og tekur ákvarðanir um heimildir einstakra starfsmanna til að skuldbinda bankann

í samræmi við reglur sem Bankaráð setur. Bankastjóra ber að veita bankaráðsmönnum og endurskoðendum bankans allar þær upplýsingar um rekstur bankans sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum. Bankastjóri skal tryggja að starfsemi bankans sé í samræmi við stefnu hans, áhættuvilja og stefnur sem Bankaráð hefur samþykkt. Bankastjóri skal jafnframt þekkja og skilja starfsskipulag bankans og tengdar áhættur og taka við störf sín mið af niðurstöðum Innri endurskoðunar, ytri endurskoðanda, Áhættustýringar, Regluvörslu og annarra deilda sem sjá um innra eftirlit.



# Sala eigna

**Í kjölfar bankahrunsins** var ljóst að nýju bankarnir myndu eignast fjölda eigna, bæði fyrirtæki og fasteignir. Á árinu 2009 stofnaði Landsbankinn eignaumsýslufélögin Reginn ehf. og Vestia ehf. sem annast skyldu umsýslu eigna sem bankinn eignaðist. Að auki á Landsbankinn dótturfélagið Hömlur ehf. sem hýsir smærri eignir.

## Reginn

Reginn ehf. annast umsýslu stærri fasteigna og fasteignaverkefna eða þróunarverkefna þar sem bankinn hefur eignast hálfkláraðar byggingar sem þarf að ljúka. Á árinu 2010 og í upphafi ársins 2011 seldi Reginn sjö fasteignir fyrir um 1.517 milljónir króna. Tvær tilraunir voru gerðar til að selja fasteignafélög sem eru á bókum Regins, en ekkert viðunandi tilboð barst. Allar upplýsingar um eignir Regins ehf. má nálgast á vef félagsins, [www.reginnehf.is](http://www.reginnehf.is).

## Vestia

Eignarhaldsfélagið Vestia var stofnað til að bera ábyrgð á umsýslu og ráðstöfun eignarhalds í atvinnufyrirtækjum sem bankinn tók yfir í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar sem fóll í sér að kröfum bankans var breytt í hlutafé. Sala félagsins kemur ekki inn í bækur Landsbankans fyrr en á árinu 2011, þó að hún væri að öllu leyti frágengin árið 2010, að undanskildu tilskyldu samþykki Samkeppniseftirlitsins sem fékkst í janúar 2011. Vestia átti hluti í nokkrum fyrirtækjum sem rétt þótti að selja af ýmsum ástæðum. Salan var harðlega gagn-

rýnd en það er mat forsvarsmanna Landsbankans að sú gagnrýni eigi ekki við rök að styðjast. Það var nauðsynlegur þáttur í áhættumati og áhættuvörnum Landsbankans að losa Vestia og tengd fyrirtæki frá bankanaum m.a. vegna yfirvofandi gengisdóma.

## Sala eigna í opnu ferli

Landsbankinn hefur sett sér þá stefnu að selja eignir eins hratt og kostur er. Þeirri stefnu hefur verið fylgt í hvívetna.

Í lok árs 2010 átti bankinn eitt íslenskt rekstrarfélag,

Björgun ehf., en hafði selt þrjú á árinu, bíla-leiguna Hertz á Íslandi, dreifingarfyrirtækið Parlogis og iðnfyrirtækið Límtré Vírnet.

Það er stefna bankans að selja öll fyrirtæki í opnu ferli þar sem allir geta lagt inn tilboð, að uppfylltum skilyrðum reynslu af rekstri og fjárfestingum annars vegar og fjárhagslegan styrk hins vegar.

Fasteignir í eigu Landsbankans eru í umsjá Hamla ehf. Hömlur halda líka utan um smærri hluti í fyrirtækjum og aðrar eignir sem bankinn þarf að leysa til sín. Meðfylgjandi tafla sýnir yfirlit yfir fasteignir í eigu Hamla.

## Hömlur – smærri fasteignir

Tegund	Fjöldi 31.12.2010	Verðmat 31.12.2010	Seldar eignir á árinu 2010
Íbúðarhúsnæði	177	3.947	73
Iðnaðar/skrifstofuhúsnæði	143	5.145	47
Sumarhús	21	229	13
Sumarhúsalóðir	147	248	0
Lóðir aðrar	36	1.790	11
Annað (m.a. jarðir)	7	380	0
Samtals	531	11.739	144

## Söluferli eigna

### Undirbúningur 4–8 vikur

- Greining á fjárhagsstöðu, viðskiptaáætlun, fjárfestingaþörf og verðmat framkvæmt.
- Kynningarefni undirbúið.
  - Stutt kynning
  - Trúnaðaryfirlýsing
  - Fjárfestaform
  - Sölu kynning
  - Tilboðsform
  - Gagnahebergi
  - Stjórnendakynningar
  - Kaupsamningur

### Fyrra sölustig 4–6 vikur

- Tilkynnt um söluferli í fjölmiðlum og á vef Landsbankans.
- Lýsing á söluferli og skilgreining á skilyrðum fyrir þátttöku í söluferlinu. Skilyrðin geta meðal annars snúið að:
  - Fjárhagslegum styrkleika
  - Samkeppnissjónarmiðum
- Upplýsingar veittar um hvernig fjárfestar geta komist inn í ferlið.
- Fjárfestum veittur aðgangur að sölugögnum á fyrsta stigi (sölu kynning og tilboðsform) gegn undirritun trúnaðaryfirlýsingar.
- Fjárfestar skila inn óskuldbindandi tilboðum.
- Fjárfestar valdir inn á síðara sölustig byggt á tilboðunum og fjárhagslegum styrkleika.

### Síðara sölustig 4–6 vikur

- Fjárfestum veittur aðgangur að sölugögnum síðara stigs (opnun gagnahebergis og drög að kaupsamningi).
- Fjárfestum gefinn kostur á að framkvæma áreiðanleikakönnun.
- Fjárfestar skila inn skuldbindandi tilboðum.

### Samningar 2 vikur

- Gengið frá kaupsamningi.
- Greiðsla og afhending hluta.
- Lok verkefnisins.





# Áhættustýring

**Áhættustýring** er sjálfstætt svið innan bankans og eru skýr skil á milli Áhættustýringar og viðskiptaæininga bankans. Sviðið ber ábyrgð á að tryggja að bankinn starfi í samræmi við innri og ytri lög og reglur, sem og innri ferla svo áhættutaka sé í samræmi við áhættuvilja bankans. Til að Áhættustýring geti rækt hlutverk sitt sem best greinir hún, mælir og stýrir áhættu eins og frekast er kostur.


## Starfsemi Áhættustýringar

Starfsemi Áhættustýringar hefur að leiðarljósi þrjá megin áhættuþætti sem skilgreindir eru skv. Basel II staðlinum:

- 1 Útlánaáhætta (útlánastýring, útlánaeftirlit)
- 2 Eigna- og skuldaáhætta, þ.m.t. markaðsáhætta
- 3 Rekstraráhætta

Sértækar og aðgreindar aðferðir eru notaðar til að greina, mæla og stýra hverjum þessara áhættuþátta. Öll stýring, mörk, mæling og skýrslugjöf Áhættustýringar tekur mið af áhættuvilja bankans.

## Skipting á áhættu samstæðunnar



# Áhættustýring

Áhættuvilji bankans er ákvarðaður í almennum áhættu- og útlánareglum sem Bankaráð samþykkir. Bankastjóri ákvarðar áhættumörk fyrir hverja starfseiningu. Áhættu- og fjármálanefnd endurskoðar áhættuvilja bankans árlega og leggur niðurstöður sínar fyrir Bankaráð til samþykktar. Lágmarks eiginfjárkröfur eru lykilmælikvarði á áhættu bankans. Viðskiptaeiningum er úthlutað fjármagni árlega samkvæmt áhættuvilja bankans. Áhættuvilji og langtímamarkmið eru hluti af viðskiptaáætlun bankans. Bankinn einsetur sér að fara í öllu að lögum og reglum, jafnt innri sem ytri.

Áhættuviljinn tekur mið af því en hann tengist eigin fé á tvo vegu:

1) Í gegnum áhættu á greiðsluþroti.

2) Í gegnum áhættu á að eigið fé falli undir lágmarks eiginfjárkröfur.

Áhættuvilji í tengslum við greiðsluþrot markast af öryggisbili og tímamörkum sem notuð eru til að reikna út innri eiginfjárkröfur. Öryggisbilið er 99,9% og tímamörkin eru eitt ár, en miðað er við

að eiginfjárgrunnur bankans byggir á sama öryggisbili og tímamörkum og reglubundin eiginfjárfkrafa eftirlitsaðila. Áhættuvilji tekur mið af láns hæfiseinkunn sem samræmist langtímamarkmiðum bankans.

Áhættuviljinn mótast af eiginfjárstöðu á hverjum tíma ásamt framtíðarmarkmiðum um eigið fé. Markmið bankans er að eigið fé sé aldrei lægra en lágmarks eiginfjárgrunnur segir til um og er ICAAP-ferlið (innra matsferli bankans fyrir eiginfjárþörf) notað til að tryggja samkvæmni við þetta markmið. Langtímamarkmið bankans er að eiginfjárþáttur A sé yfir markaðsmeðaltali, ef gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið falli frá eiginfjárkröfum umfram lögbundið lágmark.

## Áhættu- og eiginfjástýring

Áhættu- og eiginfjástýring bankans byggir á fimm megin áhættuflokkum sem lýst er í almennum áhættu- og útlánareglum bankans en þær eru samþykktar af Bankaráði.

- Útlánaáhætta er áhættan á tapi verði gagnaðili ófær um að inna af hendi greiðslur í tengslum við lán, ábyrgðir og aðrar skuldbindingar.
- Markaðsáhætta er áhættan á að verðbreytingar á mörkuðum hafi áhrif á gangvirði og framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga.
- Gjaldreyrisáhætta er áhættan á að gengisbreytingar gjaldmiðla hafi áhrif á fjárhagsstöðu og sjóðstreymi tengdu fjármálagerningum.
- Lausafjáraáhætta er skilgreind sem áhættan á að bankinn lendi í erfiðleikum við að uppfylla fjárhagslegar skuldbindingar sem gerðar eru upp með afhendingu reiðufjár eða annarra fjárhagslegra eigna, eða að slíku uppgjöri fylgi óhóflegur kostnaður. Áhættuna má rekja til hugsanlegs misvægis í tímasetningum greiðsluflæðis.
- Í rekstraráhættu felast óvæntar sveiflur í afkomu vegna mistaka eða svika starfsmanna, bilana í innri kerfum eða ytri atburða og lagalegra viðurlaga.

Önnur áhætta felur í sér alla áhættuþætti sem ekki falla í einn fimm ofangreindra flokka. Önnur áhætta sem talin er geta haft veruleg áhrif á bankann er orðsporsáhætta og viðskiptaáhætta.

Áhætta er ávallt til staðar í starfsemi bankans. Henni er stýrt með stöðugri greiningu, mati, mælingu og eftirliti sem tekur mið af áhættumörkum og öðrum stjórnþættum. *Áhættugreining* felst í að greina uppruna og eðli hugsanlegra áhættuþátta í starfsemi og framkvæmd bankans. *Áhættumat* felur í sér greiningu á alvarleika greindra áhættuþátta. *Áhættumæling* felur í sér videigandi mælingar á greindum áhættuþáttum til að hægt sé að stýra áhættu og fjármagnsþörf. Síðast en ekki síst felur *áhættustýring* í sér notkun reglna og verkferla til að hafa eftirlit með og takmarka áhættu sem bankinn tekur og tryggja að hún sé í samræmi við áhættuvilja og -stefnur.

Áhætta	Útlána- áhætta	Markaðs- áhætta	Rekstrar- áhætta	Lausa- fjár- áhætta	Önnur áhætta	Óveruleg áhætta
Markaðsáhætta		√				
Útlánaáhætta, þ.m.t. matsáhætta	√					
Rekstraráhætta, þ.m.t. áhætta vegna reglu- vörslu og áhættan á lagalegum viðurlögum			√			
Verðbréfunaráhætta	√					√
Afgangsáhætta í vörnum gegn útlánaáhættu	√					√
Verðbólguáhætta*						√
Samsöfnunaráhætta	√					
Fjármögnunaráhætta				√		√
Vaxtaáhætta í bankabók		√				
Upplýsingatækniáhætta			√			√
Lausafjáraáhætta				√		
Orðsporsáhætta					√	
Uppgjörsáhætta						√
Skipulagsáhætta					√	
Greiðslumiðlunaráhætta						√
Vanmat á útlánaáhættu í tengslum við valda matsaðferð (líkanaáhætta)						√
Sölutryggingaráhætta						√
Veikir punktar í vörnum gegn útlánaáhættu						√

\*Áhætta önnur en eftirlitsskyld áhætta

### Útlánaáhætta

Bankinn stýrir útlánaáhættu í samræmi við ákveðnar reglur og ferla. Helstu reglurnar eru almennar áhættu- og útlánareglur. Nákvæmar útlánareglur og reglur um stórar áhættuskuldbindingar og mörk samsöfnunaráhættu, sem og nákvæmari áhættumörk, eru ákvarðaðar af Áhættu- og fjármálanefnd bankans.

Almennar áhættu- og útlánareglur eru ákvarðaðar af Bankaráði. Þessar reglur og útlánastefna bankans leggja grunn að útlánareglum bankans. Bankastjóri setur útlánareglur í samræmi við útlánastefnuna og almennar áhættu- og útlánareglur. Bankastjóri stendur vörð um hagsmuni bankans í ákvörðunum er fela í sér útlánaáhættu og tryggir að fjárhagslegur styrkur bankans bíði

ekki skaða af og að ákvarðanir séu í fullu samræmi við reglur.

Áhættustýring fylgist með áhættuskuldbindingum til að greina merki um veikleika í tekjum og lausafjárstöðu viðskiptamanna. Á grunninn upplýsinga frá viðskiptamönnum hefur samstæðan þróað fjölda lánshæfismatslíkana til að spá fyrir um líkur á því að viðskiptamenn

standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart samstæðunni, í samræmi við skilgreiningar innramatsaðferðar (e. internal ratings based approach) Basel II. Viðskiptamönnum er úthlutað lánshæfiseinkunn á innri lánshæfiskvarða út frá metnum líkum á vanefndum. Vinna við að sannreyna og bæta innra matskerfi samstæðunnar hófst árið 2010 og heldur áfram 2011.

Til viðbótar við lánshæfis-einkunnir notar samstæða bankans flokkunarkerfi til að fylgjast með viðskiptamönnum með lánaskuldbindingar yfir 500 milljónum króna. Hannað var einfalt flokkunarkerfi sem byggir á þremur útlánaáhættuflokkum (grænum, gulum og rauðum) og var þetta kerfi notað frá stofnun bankans árið 2008 og til ársins 2010. Í kjölfar breytinga á skipulagi Áhættustýringar á haustmánuðum 2010 og innleiðingu EWS-vöktunarkerfis útlánaáhættu (Early Warning System) var litaflokkun-

inni breytt og eftirfarandi flokkar teknir upp:

- Grænir viðskiptavinir eru taldir standa undir skuldbindingum sínum vandkvæðalaust.
- Gulir viðskiptavinir eru á vöktunarlista 1, geta átt við tímabundna erfiðleika að stríða og kunna að þurfa að fá frestun á afborgunum eða breytingar á lánstíma eða skilmálum.
- Rauðgulir viðskiptavinir eru á vöktunarlista 2.

Þessir viðskiptavinir eru enn í umsjá sinnar viðskiptaeyningar en líklegt er að endurskipulagning láns eða frestun afborgana reynist nauðsynleg.

- Rauðir viðskiptavinir eru undir eftirliti Endurskipulagningar eigna og þarfnast fjárhagslegrar endurskipulagningar, afskrifta eða umbreytingar skulda í hlutafé. Mögulegt er að samstæða Landsbankans taki við stjórn á starfsemi viðskiptavinar við fullnustu krafna. Í sumum tilvikum

er gengið að veðum eða ábyrgðum og/eða starfsemin seld. Hópar lántaka með lánaskuldbindingar undir 500 milljónum króna verða flokkaðir í útlánaáhættuflokkana grænan, gulan, rauðgulan og rauðan á árinu 2011.

Taflan hér að neðan sýnir flokkun útlána og fyrirgreiðslna til viðskiptavina út frá útlánaáhættuflokkum:

#### Bókfært verð

Hópar lántaka með lánaskuldbindingar yfir 500 milljónum	2010	2009
Grænn	197,331	199,521
Gulur	21,669	16,399
Rauðgulur	23,982	20,008
Rauður	51,867	113,711
Hópar lántaka með lánaskuldbindingar undir 500 milljónum	298,105	317,483
Samtals	<b>592,954</b>	<b>667,122</b>

Þar sem því var komið við var ytra lánshæfismat notað til viðmiðunar við stýringu á útlánaáhættu skuldabréfa. Að öðrum kosti notaði samstæðan gangvirðismat miðað við tiltækar upplýsingar og eigið mat.



### Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er tilkomin vegna opinna staða í gjaldmiðlum, hlutabréfum og vaxtaberandi gerningum, en þessir fjármálagerningar eru næmir fyrir almennum og sértækum markaðsbreytingum og flökti í markaðsgengi og -verði á borð við vexti, skuldatryggingarálagi, gengisbreytingum gjaldmiðla og hlutabréfaverði. Bankastjóri hefur sett ítarlegar reglur um markaðsáhattuþætti, stöður og vikmörk. Markmið stýringar markaðsáhattu er að greina, staðsetja og hafa eftirlit með opnum stöðum, framkvæma

greiningar og sinna upplýsingagjöf til viðeigandi aðila. Bankinn fylgist með hagvísum og merkjum sem geta veitt vísbendingu um aukna áhættu á framtíðartapi. Lykiláhættuvísar þurfa að vera nákvæmir, þá þarf að tilkynna tímanlega, skilaboðin þurfa að vera skýr og undirstrika samsöfnunaráhættu í bókum bankans. Vegna þess hversu seinkun hefur mikil áhrif á gildi upplýsinga um daglega áhættu þarf skýrslugjöf um markaðsáhattu að vera tímanleg, tíð og endurspeglu núverandi áhættustöður. Áhættuskýrslur sýna heildaráhættu

bankans og veita yfirlit yfir samsöfnunaráhættu í einstökum starfseiningum, eignaflokkum og löndum.

### Hlutabréf

Gengisáhætta hlutabréfa er áhættan á sveiflum í virði hlutabréfa vegna opinna staða í fjármálagerningum sem byggja á hlutabréfum. Hlutabréfasafni bankans er stýrt af Fjárfestingafélaginu Horni, sem er dótturfélag í eigu bankans. Hlutabréfastaða bankans í árslok 2010 nam 29,4 milljörðum króna og vóg 4,8% af áhættugrunni hans.

### Vextir

Vaxtaberandi afurðir fela í sér vaxtaáhættu. Vaxtaáhætta er áhættan á tapi vegna breytinga í markaðsverði vaxtaberandi fjármálagerninga. Skuldabréfastaða bankans í árslok 2010 nam 161,6 milljörðum króna og vóg 2,5% af áhættugrunni hans.

## Hluta- og skuldabréfastaða samstæðunnar

Í milljörðum króna

### Hlutabréf

Innlend	
Skráð	10,328
Óskráð	10,023
	<b>20,351</b>
Erlend	
Skráð	8,871
Óskráð	206
	<b>9,077</b>
<b>Samtals</b>	<b>29,428</b>

### Skuldabréf

Innlend	
Skráð	137,026
Óskráð	12,484
	<b>149,510</b>
Erlend	
Skráð	10,679
Óskráð	1,370
	<b>12,049</b>
	<b>161,559</b>

## Gjaldeyrishætta

Bankinn starfar í samræmi við reglur Seðlabankans nr. 950/2010 um gjaldeyrisjöfnuð. Reglurnar kveða á um að gjaldeyrisjöfnuður stofnana (hvort sem er til skamms eða langs tíma) skuli ávallt vera innan ákveðinna marka í hverri mynt.

Við mat á gjaldeyrisáhættu bankans hefur hann tekið tillit til þess að hluti viðskiptavina hans er með stóran hluta eða allar tekjur sínar í erlendri mynt á meðan aðrir viðskiptavinir hafa litlar eða engar tekjur í erlendri mynt. Einnig horfir bankinn á tryggingastöðu sína gagnvart viðskiptavinum. Bankinn metur gjaldeyrisstuðul sem er reiknaður út frá meðalteygni lána í erlendri mynt gagnvart gengisbreytingum. Bankinn færir áhrif gengisbreytinga erlendra lána sem breytingu á virði lána. Sá

hluti gengisbreytinga sem veldur breytingu á virði láns veltur á því hvernig geta lántaka til að endurgreiða lánið breytist vegna viðkomandi gengisbreytingar. Af því leiðir að gengisfall krónunnar hefur meiri áhrif á viðskiptamenn með litlar eða engar erlendar tekjur en þá sem hafa hluta eða allar sínar tekjur í erlendri mynt. Þetta gildir svo einnig í hina áttina, þ.e. við styrkingu krónunnar.

Á árinu 2011 voru áhrif gengismunar gjaldeyris jákvæð um 14 milljarða króna. Áhrifin eru að langmestu leyti til komin vegna misvægis í myntsamsetningu eigna og skulda bankans. Eignir bankans í erlendum myntum eru að stórum hluta í CHF og JPY en skuldir bankans í erlendum myntum eru að langstærstum hluta í EUR, GBP og USD. Við ákvörðun á myntsamsetningu skuldabréfsins til gamla Landsbankans var


horft til tekjumynta viðskiptavina bankans. Margir af viðskiptavinum bankans eru skuldsettir í CHF og JPY en með tekjur í öðrum myntum. Stefna bankans er að viðskiptavinir með erlend lán hafi tekjur í sömu myntum og höfuðstóll sömu lána. Þegar þessir viðskiptavinir fara í gegnum endurskipulagningu eða óska eftir endurfjármögnun er misvægið leiðrétt og lán veitt í tekjumyntum viðskiptavina. Bankinn hefur jafnframt gert gjaldeyrisvarnarsamninga við erlenda banka til að lágmarka áhættu meðan endurskipulagningarferlið stendur yfir.

Óvissa um túlkun gengisbundinna lána getur haft áhrif á gjaldeyrisáhættu bankans. Í kjölfar úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur þann 23. febrúar 2011 er óvissa um stöðu þeirra erlendu lána sem greidd voru út í íslenskum krónum. Í uppgjöri bankans fyrir

árið 2010 var litið svo á að umrædd lán væru í raun lán í íslenskum krónum og niðurfærsla gerð vegna þessara lána. Að því gefnu að dómur héraðsdóms verði staðfestur í Hæstarétti hefur það engin áhrif á gjaldeyrisjöfnuð bankans. Ef Hæstiréttur staðfestir hins vegar að lánin séu gengisbundin hækka gjaldeyris eignir um 124,7 milljarða króna og heildarstaða verður 93,7 milljarðar króna miðað við árslok 2010. Gjalddeyrisjöfnuður að teknu tilliti til gjaldeyrisstuðuls (FX-delta) verður þá 23,6 milljarðar króna. Varðandi frekar upplýsingar um áhrif fyrrnefnds dóms er vísað til skýringar nr. 4 (i) og 78 í ársuppgjöri bankans.

Í árslok 2010 var gjaldeyrisáhætta um 8,5% af áhættugrunni, en var 13,7% í lok árs 2009.

## Þróun gjaldeyrisáhættu



## Vaxtaáhætta utan veltubókar

Vaxtaáhætta er áhættan á að vaxtabreytingar á mörkuðum hafi áhrif á gangvirði og framtíðarsjóðstreymi fjármálagerninga. Vaxtabreytingar á eignum eða skuldum bankans utan veltubókar hafa áhrif á vaxtabil. Áhættuna má aðallega rekja til mismunar á lengd vaxtatímabila á milli eigna og skulda. Vaxtaáhættu er fyrst og fremst stýrt með því að fylgjast með vaxtamun og er það gert miðlægt innan bankans af Fjárfstýringu undir eftirliti Eigna- og skuldaáhættudeildar. Í núverandi efnahagsumhverfi hefur bankinn ekki aðgang að neinum afleiðugerningum eða öðrum tækjum sem nota má til að stýra vaxtaáhættu.

## Lausafjárahætta

Landsbankinn hefur sett bankanum og dótturfélögum lausafjárstýringarstefnu. Tilgangur stefnunnar er að tryggja nægjanlegt lausafé og fjármögnunarstyrk til að standa straum af fjárhagslegum skuldbindingum tímanlega og með hóflegum tilkostnaði, jafnvel við álagsaðstæður. Tilgangurinn er enn fremur að lágmarka lausafjárveiflur og tryggja að bankinn hafi ávallt aðgang að nægilegu fjármagni til að greiða skuldbindingar sínar. Áætlanir bankans innihalda m.a. álagspróf, viðlagaáætlanir vegna lausafjárstöðu og samskiptaáætlun.

Það er stefna bankans að lausafjárstaða hans nægi til að standa tímanlega straum af skuldbindingum samkvæmt samningum og geta mætt úttektum á innlánum ef, af einhverjum ástæðum, viðskiptavinir glata trausti á bankanum.

Auk þess er til staðar viðbragðsáætlun sem setur fram leiðir til að greina lausafjratburð með fyrirfram ákveðnum hættumerkjum og aðgerðir til að koma í veg fyrir tímabundinn eða langtíma lausafjárskort. Áhættu- og fjármálanefnd bankans mótar stefnuna en Fjárfstýring annast framkvæmd hennar í samstarfi við Eigna- og skuldaáhættudeild.

## Mæling lausafjár og álagsprófanir

Helsti mælikvarðinn sem bankinn notar til að fylgjast með lausafjárahættu er hlutfall grunnlausafjár og innlána. Þessi stuðull sýnir hlutfall þeirra innlána sem bankinn gæti greitt út fyrirvaralaust án verulegs taps vegna kostnaðarsamra aðgerða.

Lausafjárstaða bankans er gríðarlega sterk og hefur ofangreint hlutfall hækkað milli ára úr 36% í lok árs 2009 í 46% í árslok 2010.

Eigna- og skuldaáhættudeild framkvæmir álagsprófanir til að tryggja að lausafjárstaða bankans sé nógu góð til að þola ýmis atvik og aðstæður sem upp geta komið án þess að valda honum miklum vandkvæðum.

Hver álagsprófun byggir á mismunandi forsendum til að meta áhrif mismunandi markaðsaðstæðna, sér í lagi áhrif afléttingar gjald-eyrishafta á innstæðugrunn bankans.

## Vegvísir um gæði eigna úr nýrri stefnu bankans (sjá nánar í kafla 4)

Markmið	Lykilmæling	2010	2011	2012	2013
Gæði eigna	>90 daga vanskil	24%	<14%	<8%	<5%

### Rekstraráhætta

